

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 17. mars 2026

Mál nr. S-161/2025:

## Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Kristín Eva Geirsdóttir lögmaður)

(Eva Dís Pálmadóttir réttargæslumaður)

## Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. síðasta mánaðar, var höfðað af lögreglustjóranum á Austurlandi með tveimur ákærum. Hinni fyrri útgefinni 30. september síðastliðinn á hendur X, kt. [...], „fyrir brot í nánu sambandi, en til vara líkamsárás, með því að hafa, á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð þáverandi sambýliskonu sinnar og barnsmóður, A, kt. [...], með því að hafa aðfaranótt [...] 2024 innandyra á sameiginlegu heimili þeirra að [...], veist með líkamlegu ofbeldi að henni, eins og nánar greinir þannig: slegið hana í andlit, rifið í hana og gripið um upphandleggi hennar og haldið henni þannig fastri, þrýst henni með bak upp að vegg og haldið henni þar fastri með annan handlegginn á brjóstakassa hennar og hálsi og með hinni hendinni haldið fyrir munn hennar þannig að hún fann fyrir skertri meðvitund og óttaðist um líf sitt, allt framangreint með þeim afleiðingum að A hlaut mar, roða og bólgu á augnlok og glóðarauga á hægri auga, mar neðan við og kringum hægri auga, marbletti á báðum upphandleggjum, mar neðan við miðjan brjóstþrygg vinstra megin á baki, mar á höku og undir kjálkabarð hægri megin, roða í húð neðan við kjálkabarð og rauða bletti á háls.“ Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 217. gr. sömu laga, og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A, sem er brotþoli í þessu máli í skilningi 39. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, er vegna þeirra sakargifta, þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni 1.000.000 króna í skaðabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá [...] 2024 og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá [...] 2024 til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa réttargæslumanni og fjárhæðar samsvarandi virðisaukaskatts.

Með ákæru útgefinni 20. janúar á þessu ári höfðaði sami lögreglustjóri annað mál á hendur sama ákærða „fyrir brot í nánú sambandi og eignaspjöll, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi sambýliskonu sinnar og barnsmóður, A, kt. [...], með því að koma að heimili hennar að [...] 2026 og ítrekað dingla og lemja á útidyrhurð og rúður heimilisins með þeim afleiðingum að glerrúða í útidyrhurðinni brotnaði og þurfti að skipta um hana að fjárhæð kr. [75.432], en háttsemin olli A hræðslu og ótta hvar hún var á heimilinu ásamt börnum þeirra [...]“. Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 218. gr. b og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Á dómþingi 2. desember síðastliðinn neitaði ákærði sakargiftum samkvæmt ákærinni frá 30. september 2025. Kvaðst hann viðurkenna að hafa slegið A, með flötum lófa í kjölfar þess að hún hafi slegið hann, en neitaði öðru því sem honum væri gefið að sök samkvæmt þeirri ákæru, þar á meðal þeim afleiðingum sem þar væri lýst. Kvað hann brotþola að líkindum hafa fengið þá áverka sem á henni hafi verið á [skemmtistað]. Þá hafnaði hann bótakröfu. Í kjölfar sameiningar mála vegna fyrrgreindra tveggja ákæra á dómþingi 28. janúar 2026 lýsti ákærði þeirri afstöðu til sakargifta samkvæmt ákærinni frá 20. þess mánaðar að hann játaði þau eignaspjöll sem hann væri þar sakaður um, en neitaði tilgreindum sakargiftum um brot í nánú sambandi. Þá greindi hann við það tilefni sömuleiðis frá því að hann hefði þegar boðist til að greiða fyrir viðgerð á þeirri glerrúðu sem um ræddi. Í því tilliti er þess að geta að staðfest var við aðalmeðferð málsins 10. síðasta mánaðar að sú greiðsla hefði þá verið innt af hendi.

Við aðalmeðferð var af hálfu ákærða aðallega krafist sýknu af kröfum ákæruvalds, en til vara að því leyti að ákærði sætti vægustu viðurlögum sem lög leyfðu og að refsing yrði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá var aðallega krafist frávísunar bótakröfu, en til vara að bætur yrðu ákvarðaðar að lægri fjárhæð en krafist væri. Þá var þess krafist að allur sakarkostnaður yrði ákvarðaður úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun að mati dómsins og útlagður kostnaður vegna varnarinnar.

## I

*Helstu málsatvik vegna sakargifta samkvæmt ákæru útgefinni 30. september 2025:*

Samkvæmt því sem greinir í frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn B og C við akstur [...] 2024 þegar ökumaður sem ók úr gagnstæðri átt gaf þeim merki um að vilja ná tali af lögreglu. Ökumaðurinn, D að nafni, hafi greint frá því að kona hans hafi um

nóttina fengið símaskilaboð frá E, [...], sem hafi innihaldið beiðni um að senda lögreglu til að aðstoða móður hennar, brotþola, að [...]. Þau hafi ekki séð skilaboðin fyrr en þegar þau hafi vaknað um morguninn. Hafi lögreglumenn þegar haldið af stað [...] og knúið þar dyra.

Þegar þangað hafi komið hafi ákærði komið til dyra og samþykkt að lögregla ræddi við hann, en hann sagti að hann færi að fara til Reykjavíkur með næsta flugi frá Egilsstöðum. Hafi lögreglumaður B kynnt honum að hann færi ekkert fyrr en búíð væri að ræða við hann. Hafi hann verið beðinn um að bíða í eldhúsi næst forstofu með lögreglumanni C á meðan lögreglumaður B hafi athugað hvernig væri með aðra á heimilinu. Í stofu hafi brotþoli setið í rúmi með teppi yfir sér. Hún hafi verið með stórt áberandi glóðarauga á hægri auga, verið róleg, en greinilegt að eitthvað hafi gengið á. Hafi hún sagti lögreglumanni B að ákærði hefði veitt henni þennan áverka um nóttina. Sami lögreglumaður hafi heyrt í börnum að leik í herbergi við hliðina og brotþoli sagti frá því að þar væru [...]. Hafi lögreglumaðurinn gætt að börnunum sem hafi verið upptekin við leik og ekki hafi verið að sjá eða heyra að þeim fyndist nærvera lögreglu vera óeðlileg eða ógnandi.

Þegar ljóst hafi verið hvers kyns væri hafi verið óskað eftir aðstoð barnaverndar og rannsóknarlögreglumanns. Ákveðið hafi verið að fjarlægja ákærða af heimilinu og færa hann á lögreglustöð hvar honum hafi verið afhent upplýsingablað fyrir handtekna sem hann hafi undirritað og hann færður í klefa. Hafi rannsóknarlögreglumaður tekið af honum skýrslu [...] og ákærði verið látinn laus að skýrslugjöf lokinni, en þaðan hafi hann farið áleiðis í flug sem hann hafi átt að mæta í skömmu síðar.

Á meðal þess sem greinir frá í vettvangsskýrslu lögreglu er að lögreglumaður C hafi orðið eftir [...] ásamt brotþola og eftir handtöku ákærða. Á vettvangi hafi einnig verið börnin [...], en E hafi gisti [...]. Börnin hafi verið á heimilinu en ekki séð ofbeldið sem brotþoli hafi greint frá að hafi átt sér stað um kvöldið/nóttina. Beðið hafi verið með brotþola í stofunni og leikið við börnin á meðal barnavernd hafi verið á leið á vettvang. Vinafólk brotþola, H og I, hafi komið þangað á undan barnavernd og sagst geta tekið börnin heim til sín. H hafi sagti þau hafa fengið skilaboð frá E, sem í ljós hafi komið að brotþoli hafi sent úr samskiptaforriti dóttur sinnar. Hann hafi sagti að mikið væri um ofbeldi á heimilinu miðað við það sem brotþoli hefði tjáð þeim. Þegar fulltrúar barnaverndar hefðu komið hefði orðið úr að börnin færu með H og I heim til þeirra.

Þá er á meðal málgagna áverkavottorð, dags. [...] 2024, ritað af J, lækni [...], að beiðni lögreglu. Samkvæmt vottorðinu er það unnið upp úr sjúkraskrárgögnum [...] og hefur læknirinn ekki hitt brotþola.

Af þeim færslum úr sjúkraskrá er í vottorðinu greint frá nótu læknisins K frá [...] 2024. Samkvæmt nóttunni kom brotþoli á flýtivakt og óskaði eftir áverkavottorði, en þangað hafi hún komið að ráði lögreglu. Hún hafi greint læknum frá því að hafa verið að koma heim aðfaranótt sunnudags um kl. 3 um nóttina þegar sambýlismaður hennar hafi skyndilega ráðist á hana og slegið hana í andlit og haldið um háls hennar upp við vegg. Hún hafi barist á móti og náð honum frá sér og lagst í sófa. Hann hafi þá aftur ráðist að henni og slegið hana ítrekað aftur, tekið af henni síma og aðrar eigur. Hún hafi síðar tekið síma dóttur sinnar, sent á vinkonu sína í gegnum skilaboðaforrit (messenger) og óskað eftir að vinkonan hefði samband við lögreglu. Vinkonan hafi ekki séð skilaboðin fyrr en morguninn eftir og þá haft samband við lögreglu, sem hafi farið heim til brotþola um kl. 13, rætt við hana og ráðlagt henni að leita til læknis.

Brotþoli hafi sagst vera með verki í griplimum beggja handa, baki og andliti, en neitað verkjum í kvið og ganglimum. Hún hafi sagt þetta hafa gerst áður án þess að hafa rætt það heilbrigðisstarfsmann. Brotþoli er sögð hafa gengið eðlilega inn, hún hafi verið grannholda og með glóðarauga á hægra auga. Mar hafi verið neðan við hægra auga sem og utanvert við hlið þess ásamt smá mari á augnloki hægra auga. Hún hafi einnig verið með mar undir hægra kjálkabarði sem hafi verið nokkurra sentimetra langt, einnig lítinn marblett framan við fyrrgreindan lengri marblett undir hægra kjálkabarði. Þá hafi hún verið með smásár (e.t.v. frunsu) ofan við í miðlínu við varir. Ekki hafi verið að sjá áberandi glóðarauga eða mar vinstra megin í andliti. Hún hafi verið þreifiaum yfir hægri hlið en ekki þeirri vinstri. Hún hafi verið með smá rauða bletti á hálsinum sem þó hafi ekki sýnst vera punktblæðingar í húð. Hún hafi ekki verið með sjáanlegt mar á hálsi fyrir utan það sem verið hafi á kjálkabarðinu. Ekki hafi verið sjáanleg sár, mar eða áverkar á baki eða kvið. Hvað varðaði griplimi hafi hún verið með marblett á aftanverðum vinstri upphandlegg og aðra tvo minni „lateralt distalt“ á vinstri upphandlegg. Þá hafi hún verið með marblett á utanverðum vinstri framhandlegg og þrjá marbletti á utanverðum upphandlegg hægra megin.

Þá greinir frá því að læknirinn hafi rætt við brotþola um hvort hún myndi hafa samband við Kvennaathvarf, Stígamót eða slíka aðila, en hún neitað því. Læknirinn hafi bent henni á að slík þjónusta væri í boði. Hún hafi fengið almennar ráðleggingar varðandi

verki tengda marblettum og að hennar ósk hafi verið ritað veikindavottorð fyrir dagana [...] 2024.

Enn fremur ber áverkavottorðið með sér að teknar hafi verið myndir af brotaþola við komu hennar [...] 2024 og fylgja myndir vottorðinu með skýringartexta. Við þrjár andlitsmyndir er ritað: „Andlit: Lokuð augu: bólga, roði, mark efra augnlok hægra megin. Mar neðan við og kringum hægra auga. Útbrot ofan við efri vör hringlaga sést ekki nægilega vel á mynd hvers eðlis útbrotið er.“ Við þrjár myndir af háls og neðri hluta andlits er ritað: „Háls hægra megin: Marblettur á höku og kjálkabarði hægra megin. Roði í húð neðan við hægra kjálkabarð.“ Við mynd af framhandlegg er ritað: „Framhandleggur hægri: Marblettir á tveimur stöðum“. Við tvær myndir af hægri upphandlegg er ritað: „Upphandleggur hægri: Fjórir marblettir.“ Við þrjár myndir af vinstri upphandlegg er ritað: „Fjórir marblettir að framan. Einn stór á hlið upphandleggs á annar[r]i mynd.“ Við mynd af baki er ritað: „Bak: Marblettur um miðjan brjósthrygg meira vinstra megin.“

Enn fremur er í vottorðinu tekin upp nóta frá [...] 2024 þar sem brotaþoli óskar eftir tilvísun til sálfræðings vegna heimilisofbeldis hvar greinir auk annars frá því að gerð sé slík. Þá er í vottorðinu greint frá nótu sálfræðingsins L, dags. [...] sama mánaðar. Þar er rakið að brotaþoli hafi sagt frá því að hafa verið með maka sínum síðan [...] og að þau hafi eignast dóttur árið [...]. Hún hafi greint frá merkjum um „munnlegt ofbeldi“ þegar á fyrsta ári. Þau hafi verið búsett [...] í átta ár og líkamlegt ofbeldi hafi [...]. Saman eigi þau [...] börn á nánar tilgreindum aldri sem maki hennar lemji ekki. Samkvæmt nótunni hafi brotaþoli talað um reiði og vanmátt og velt því fyrir sér hvort þetta væri allt henni að kenna og hún kannski að gera eitthvað rangt, og hún greint frá því að makinn kenndi henni um allt. Hann hafi sagt það henni að kenna að hann hafi lamið hana þar sem hún hafi öskrað. Þá kemur þar einnig fram að hún eigi [...]. Hún eigi nokkra vini og þeir hafi líka hringt á lögregluna. Hún vinni [...] og eigi gott samband við samstarfsmenn sína og yfirmaður hennar viti af vandræðum hennar heima. Maki hennar [...], en hún hafi ekki [...]. Hún hafi þó [...] sem hafi hjálpað henni. Eftir síðustu deiluna á heimilinu hafi börnin verið tekin frá henni og vistuð hjá [...], en ákveðið hafi verið að börnin gætu snúið aftur til hennar. Þá kemur meðal annars fram í nótunni að brotaþoli hafi greint frá því að vilja ekki flytja frá [...] hvar hún eigi vini og börnin séu [...]. Þá hafi hún greint frá því að maki hennar hafi líka notað eiturlyf.

Þá kemur fram í nótu sálfræðings frá [...] 2024 að brotaþoli hafi greint frá því að sofa stundum ekki vel þegar maki hennar sé drukkinn, en sofni fljótt og sofi þegar hún sé

þreytt. Meðal annars einnig að hún reyki mikið, einn pakka á dag, og fái sér í glas einu sinni í viku. Auk annars einnig að hún hafi [...] 2023 og [...] 2024. Sömuleiðis að hún vilji takast á við aðstæður sínar en hafi sagst þurfa aðstoð til þess þar sem hún ráði ekki við það sjálf og hafi beðið um hjálp. Einnig segir frá þeim niðurstöðum spurningalista að hún hafi skorað [viðmið um andlega líðan].

Þá er í vottorði læknisins jafnframt tekin upp nóta sálfræðings frá [...] 2024. Þar segir að brotapolí hafi farið yfir mörg efni, þar á meðal samband sitt og hvernig hún myndi vilja binda endi á það. Hún hafi greint frá því að vera hrædd um að makinn muni gera eitthvað af sér yfirgefi hún hann og táríst við að segja frá því. Þá hafi hún líka greint frá því að maki hennar hafi talað „illa við hana“. Þá greinir einnig frá því að hún hafi rætt við sálfræðinginn um daglegt líf sitt, skipulag þess og að sækja um skilnað frá makanum. Sömuleiðis að sálfræðingurinn hafi ráðlagt brotápóla að hvíla sig.

Í nótu sálfræðings frá [...] 2024 hafi hún talað um samband við maka sinn og greint frá því að kunna ekki að setja mörk. Hún hafi rætt um að ef hún talaði um að gera eitthvað hafi maki hennar talað móðgandi til hennar. Hann hafi oft hóttað að gera eitthvað af sér og sagt það verða henni að kenna. Í nótu sama sálfræðings frá [...] 2024 segi frá því að brotapolí hafi verið í góðu skapi og brosandí og talað um að með litlum skrefum „batni þetta“. Hún hafi sagt frá sambandi sínu við eiginmanninn, vinnu og börnum.

Þá liggur fyrir skjáskot [...] af fyrrgreindum messenger-skilaboðum sem brotapolí greindi frá að hafa sent úr síma dóttur sinnar til vinkonu sinnar, Þ, aðfaranótt [...] 2024. Þar má sjá skrifað [...] kl. 04:19: „Ertu þarna, [gælunafn Þ]?“ og kl. 04:45: „[gælunafn Þ], þú ert hér. Vinsamlega hafið samband við lögregluna [heimilisfang].“

Einnig er á meðal málgagna ljósmyndaskýrsla unnin af lögreglumanni C af áverkum brotápóla. Fyrsta mynd skýrslunnar er sögð tekin af brotápóla á vettvangi að [...] og meðal þess sem einnig segir í texta við myndina er að á myndinni megi sjá glóðarauga á hægri auga. Önnur mynd skýrslunnar er sögð skjáskot úr búkmyndavél lögreglu í skýrslutöku af brotápóla [...] og meðal þess sem einnig segir í texta við myndina er að henni megi sjá marbletti á báðum höndum. Þá er einnig á meðal mynda skýrslunnar mynd sem sögð er skjáskot úr sömu skýrslutöku af vinstri hendi brotápóla og að þar megi sjá nokkra marbletti. Loks er við síðustu ljósmynd skýrslunnar að hún sé af hægri hendi brotápóla og að myndin sé tekin á vettvangi að [...].

Einnig er meðal málgagna grunnteikning [...] af fasteigninni að [...] og ljósmyndir af fasteigninni [...]. Þar af er þess að geta að af þessum gögnum má ráða að þegar gengið

sé inn í íbúðina sé komið inn í lítið rými sem nefnt er forstofa á teikningunni og úr því rými sé innangengt í rými sem nefnist á teikningunni „þvottur og hiti“. Þaðan sé einnig innangengt í ílangt rými sem á sömu teikningu er nefnt gangur, hvaðan fara megi inn í eldhús, stofu, svefnherbergi, geymslu og bað, auk lítils rýmis þar sem skápar séu staðsettir. Á ganginum eru bað og stofa staðsett því sem næst gegnt hvort öðru.

Sömuleiðis liggur fyrir skaðabótakrafa brotaþola og greinargerð um hana, dags. [...] 2024, ásamt vottorði um birtingu fyrir ákærða [...] sama ár. Einnig úrskurðir Landsréttar [...] og héraðsdóms 18. sama mánaðar hvar dómstólarnir staðfestu ákvarðanir lögreglustjóra [...] um að ákærða yrði gert að sæta nánar tilteknu nálgunarbandi gagnvart brotaþola í fjóra mánuði, en meðal þeirra tilvika sem ákvörðun lögreglustjóra byggðist á er sakarefni ákærunnar frá 30. september 2025.

Við rannsókn var ákærði yfirheyrður sem sakborningur [...] 2024 og [...] 2024 og brotaþoli sem vitni [...] 2024 og [...] 2024. Þá gáfu vitnin Þ og D skýrslur hjá lögreglu 13. júní 2025.

#### *Helstu málsatvik vegna sakargifta samkvæmt ákæru útgefinni 20. janúar 2026:*

Samkvæmt því sem greinir í frumskýrslu barst lögreglu tilkynning kl. 14:59 hinn [...] síðastliðinn um að ákærði væri mættur fyrir utan heimili brotaþola [...] að berja á glugga og dyr. Í tilkynningunni hafi einnig komið fram að hann hefði brotið rúðu og að [...] börn væru á heimilinu. Lögreglumaður N hafi farið á vettvang ásamt öðrum lögreglumanni og þegar þangað hafi verið komið hafi ákærði setið í bifreið sinni. Rætt hafi verið við hann, hann virst rólegur og sagst hafa komið til að sækja börnin sín. Hann hafi verið handtekinn kl. 15:20 vegna gruns um heimilisofbeldi og eignaspjöll á [...], kynnt réttarstaða sakbornings sem hann hafi sagst skilja, og honum verið ekið á lögreglustöð. Þar hafi lögreglumaður B rætt við hann og ákærði viðurkennt að hafa brotið rúðu í úti-dyrahurð og sagst vilja borga fyrir skemmdirnar til að koma í veg fyrir frekari vandræði. Hann hafi viljað meina að samskipti hans og brotaþola væru erfið og óskaði eftir aðstoð við að fá umgengi við börnin sín. Að lokinni skýrslutöku hafi hann verið látinn laus.

Í sömu skýrslu segir einnig frá því að lögreglumaður O hafi rætt við brotaþola og kynnt henni réttarstöðu vitnis sem hún hafi sagst skilja. Hún hafi sagt frá því að hafa fengið skilaboð frá ákærða um að hann væri á leiðinni að sækja börnin. Hún hafi sagt að þau hefðu ekkert rætt um að ákærði sækti börnin þar sem þau hafi verið hjá honum [...]. Er hann hafi komið í [...] hafi brotaþoli strax hringt í Neyðarlínu. Hún hafi læst öllum gluggum og hurðum en ákærði staðið fyrir utan, dinglað ítrekað og barið á rúður með

þeim afleiðingum að rúðan í útidyrhurðinni hafi brotnað. Hann hafi síðan sest inn í bifreiðina sína og gert sig líklegan til að aka af stað.

Í niðurlagi sömu skýrslu greinir sömuleiðis frá því að barnavernd hafi verið kölluð til og að vettvangur hafi verið ljósmyndaður.

Á meðal málgagna er jafnframt skýrsla lögreglu með þremur ljósmyndum sem sagðar eru teknar á vettvangi [...] síðastliðinn. eru myndirnar allar af útidyrhurð og við þær er ritaður skýringartexti, sem í öllum tilvikum lýtur að því að þar megi sjá útidyrhurð með brotinni rúðu.

Enn fremur er á meðal málgagna upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. [...] 2026, þar sem greinir frá því að rætt hafi verið við brotþola varðandi afstöðu til refsí- og bótakröfu. Hún hafi sagst vilja kæra ákærða fyrir heimilisofbeldi vegna atviksins. Hún hafi ekki getað um frjálst höfuð strokið í á þriðja ár. Hún vildi að ákærða yrði gerð refsing fyrir áreitni og eignaspjöllin. Aðspurð um afstöðu til bóta vegna tjóns á húsnæðinu hafi hún sagt að hún ætti ekki húsnæðið. Eigandi þess hétu Æ og gaf hún upp símanúmer hans. Þá greinir og frá því að reynt hafi verið að ná í Æ, en það hafi ekki tekist þegar skýrslan hafi verið rituð.

Þá er og á meðal gagna skýrsla lögreglu, dags. [...] 2026, um kæru Æ vegna eignaspjalla á húsnæðinu að [...]. Þar kemur meðal annars fram að húsnæðið sé í hans eigu og að hann leggi fram kæru á hendur ákærða fyrir eignaspjöll. Segir enn fremur frá því að Æ hafi verið leiðbeint um framlagningu bótakröfu vildi hann koma slíkri kröfu að. Einnig er á meðal málgagna reikningur að fjárhæð 75.432 krónur frá [...] vegna efnis og vinnu við að skipta um rúðuna að [...]. Upplýst var undir rekstri málsins fyrir dómi að eigandi húsnæðisins hafi tjáð lögreglu að hann ætlaði ekki að koma að bótakröfu við reksturs máls þessa, svo sem raunin varð.

Þá er á meðal málgagna upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. [...] síðastliðinn, ásamt minnislykli með upptöku af vettvangi úr búkmyndavél lögreglumanns O og þremur upptökum úr farsíma brotþola sem sagðar eru af því þegar ákærði hafi bankað og dinglað heima hjá henni. Upptökurnar þrjár úr síma brotþola voru spilaðar í dómsal við upphaf aðalmeðferðar 10. síðasta mánaðar.

Jafnframt liggur fyrir önnur sams konar skýrsla lögreglu frá sama degi með skjáskotum úr þessum þremur upptökum úr síma brotþola, auk ljósmyndaskýrslu með sömu skjáskotum í stærri útgáfu, hvar meðal annars má sjá tíma- og dagsetningar [...], þ.e. laust fyrir kl. 15 [...] 2026. Í upplýsingaskýrslunni segir einkum að upptaka nr. 1, sem

sé 12 sekúndur, og upptaka nr. 2, sem sé 23 sekúndur, sýni útidyráhurð og að á upp-  
tökunum heyrir aðili ítrekað ýta á dyrabjöllu, taka í hurðarhúninginn og reyna að komast  
inn. Á upptöku nr. 3, sem sé 17 sekúndur að lengd, sést í glugga í eldhúsi og á upptökunni  
heyrir bank. Loks greinir frá því að sjá megi á upptökunum að þá hafi ekki verið búið  
að brjóta rúðu í útidyráhurð.

Lögregla yfirheyrði ákærða [...] síðastliðinn sem sakborning.

## II

Ákærði greindi svo frá við aðalmeðferð málsins að þau brotaþoli hefðu verið þar í [...] ár, ættu saman börn og hefðu búið saman [...] 2024. Er brotaþoli hafi komið heim þá um nóttina hafi ákærði viljað sjá símann hennar, en það hafi hún ekki viljað leyfa honum. Hún hafi byrjað að tuska hann til, en honum tekist að ná símanum og aflæsa honum. Þar hafi hann lesið skilaboð og viljað lesa meira, en brotaþoli þá lamið hann í andlitið, hann slegið hana til baka og svo hafi þau tuskast til. Hún hafi öskrað og þau rifist, en hann ekki viljað að hún vekti börnin. Er brotaþoli hafi slegið hann í andlitið hafi honum sortnað fyrir augum og því ósjálfrátt slegið hana til baka. Um ástæðu þess að hafa sortnað fyrir augum og slegið til baka bar hann um að hafa sjálfur verið laminn í níu ár [...] og myndi því aldrei vilja meiða neinn líkt og hann sé sakaður um. Þá bar hann einnig um að hún hefði rífið í hann og hann einnig í hana. Aðspurður um hvort hann hefði gripið í upphandleggi hennar og haldið henni fastri svaraði hann í fyrstu að hann hefði haldið henni með báðum höndum, að hafa notað þriðju höndina til að halda fyrir munninn á henni og haft þá fjórðu á hálsinum, en þegar áréttað var að verið væri að beina til hans spurningum um hvað hefði gerst og hvað hefði ekki gerst og óþarft væri að snúa út úr kvaðst hann vera búinn að greina frá því sem gerst hefði og að hann hefði ekki gripið um upphandleggi brotaþola og haldið henni fastri. Kvað hann þó í því samhengi vel geta verið að hann hefði gert það þar sem hann hefði bara viljað að hún hefði hljótt.

Ákærði kvaðst á hinn bóginn ekki muna til þess að hafa þrýst brotaþola með bakið upp að vegg og haldið henni fastri, með annan handlegg á brjóstakassa hennar og að hálsi og að hafa haldið með hinni hendinni yfir munn hennar. Þau hafi bara tuskast til og bar hann jafnframt um að í svona tilvikum myndi maður kannski ekki allt sem gerst hefði. Hann hefði örugglega ekki sett handlegg að hálsi brotaþola þar sem hann hafi aldrei viljað meiða hana. Aftur á móti hefði hann haldið fyrir munn hennar þótt hann myndi ekki hvernig hann hefði gert það. Það hefði hann gert þar sem brotaþoli hefði öskrað og hann ekki viljað að hún vekti börnin.

Aðspurður um hvort hann hefði einhverja skýringu á þeim áverkum sem tilgreindir væru í ákæru, þar á meðal glóðarauga, mari á höku, marblettum á upphandleggjum, mari á brjósthrygg vinstra megin á baki, mari á höku og undir kjálkabarði og rauðum blettum á hálsi, kvað hann vel geta verið að þeir hefðu komið til þar sem þau hefðu verið að tuskast til. Á hinn bóginn verði að taka til greina að brotapolí hafi líka lent í slagsmálum á [skemmtistað] og væri oft með marbletti af nánar tilgreindum ástæðum vegna vinnu sinnar. Hann kvaðst aftur á móti ekki hafa tekið eftir því hvort hún hafi verið með einhverja áverka þegar hún hafi komið heim um nóttina af [skemmtistað] þar sem hann hafi bara viljað sjá símann hennar. Hann kvaðst halda að hann hafi verið búinn að drekka þá um nóttina, en í mesta lagi einn bjór þar sem hann hafi verið heima með börnin.

Þá greindi hann frá því að hafa ekki litist á þau skilaboð sem hann hafi lesið í síma brotapóla og því viljað lesa áfram, en það hafi nánar tiltekið verið þá sem hún hafi slegið hann. Aðspurður um hvort algengt hafi verið að brotapolí tuskaði ákærða til, eins og hann hafi borið um, svaraði hann neitandi og kvað þetta einsdæmi. Þau hafi áður rifist en ekki hafi komið til líkamlegra átaka. Komið hafi fyrir að þau hafi kallað hvort annað hóru og homma er þau hafi rifist, sem hafi þannig verið eðlilegt í þeirra rifrildum.

Aðspurður með vísan til skýrslugjafar hans hjá lögreglu, hvar hann hafi greint frá því að hafa slegið brotapóla með flötum lófa eftir að hún hafi slegið hann, kvaðst ákærði sjá eftir því þar sem allt hans líf væri hrunið. Þetta hafi ekki verið hans sök, heldur hafi hann verið búinn að biðja um að þau myndu leita sér aðstoðar sérfræðinga, en hún hafi alltaf sagt í lagi með sig og að hann yrði að leita sér aðstoðar. Hann kvaðst aðspurður um ásetning til þess að meiða brotapóla [...] 2024 ekki hafa viljað það heldur bara hafa ætlað að sjá símann. Fyrir þann tíma hafi hún verið búin að hóta að reka hann að heiman og að hann fengi ekki að sjá börnin sín, og nokkrum sinnum rekið hann út, en aldrei hafi hvarflað að honum að lemja hana.

Aðspurður um hvar í íbúðinni þau hafi tekist á kvað ákærði það hafa átt sér stað fyrir framan hurðina í forstofunni. Svo hafi hlutirnir róast aðeins og þau farið inn í stofu þar sem hún hafi aftur farið að öskra. Kvaðst hann á hinn bóginn ekki kannast við að hafa farið út að reykja í millitíðinni með síma brotapóla meðferðis, þ.e. þegar hlutirnir hafi róast aðeins. Inni í stofu hefði hún aftur byrjað að öskra og hann viljað sussa á hana, en kvaðst hann ekki muna nákvæmlega hvað gerst hefði eftir það. Greindi hann þó jafnframt frá því að brotapolí hefði viljað fara eitthvað og öskrað allan tímann. Einnig að hann hafi gripið aftan frá í fötin hennar, en kvaðst ekki muna hvernig. Aðspurður um hvar það hafi

gerst að hann hafi slegið brotaþola á móti þegar hún hafi slegið hann kvað hann það hafa gerst þegar hann hafi viljað sjá símann hennar. Hann hafi séð skilaboð milli hennar og P á símanum, þar sem hún hafi beðið hann um að sækja hana, og hann viljað lesa meira, en þá hafi hún slegið hann og hann slegið hana til baka. Eftir það hafi hann ekki séð fleiri skilaboð. Þar sem hún hafi slegið hann í andlitið hafi hann slegið hana ósjálfrátt til baka. Hefði hún ekki lamið hann, þá hefði hann örugglega ekki slegið hana. Hann hafi aftur á móti ekki slegið til hennar inni í stofu.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna eftir að hafa greint frá því í skýrslugjöf hjá lögreglu [...] 2024 að hafa verið pirraður þegar brotaþoli hafi komið heim um nóttina, farið að rífast í henni og lemja hana og kvaðst örugglega hafa verið að segja frá því að hafa viljað sjá símann. Hann hafi lesið skilaboðin, hún hafi lamið hana og hann hafi lamið hana, það hafi verið allt og sumt. Aðspurður með vísan til sömu skýrslugjafar, hvað hann hafi átt við þegar hann hafi sagst hafa rifið í hana, slegið hana með flötum lófa, en ekki verið viss um hvort hann hafi haldið um andlit brotaþola, kvaðst hann ekki vita það þar sem tvö ár væru liðin síðan og kvaðst hann ekki muna eftir að hafa sagt þetta. Verið geti að hann hafi haldið um andlit hennar í stofu íbúðarinnar svo hún myndi ekki vekja börnin. Hann hafi frá byrjun sagst hafa haldið fyrir munn hennar svo hún hætti að öskra, en á öðru sem hún hafi bætt við eigi hann ekki sök.

Beðinn um að útskýra þá frásögn hans í skýrslugjöf hjá lögreglu [...] 2024 að áverkar á kjálkabarði brotaþola gætu hafa komið til þegar hann hafi haldið henni, greindi hann frá því fyrir dómi að þau tvö hefðu rifist og hann hafi nuddað hana eitthvað með hendinni eða eitthvað þess háttar, en það verði að taka tillit til þess að hún hafi verið að koma af barnum og þar hafi eitthvað gerst, en þar hafi hann ekki verið. Kvaðst hann ekkert vita hvernig hún hafi fengið áverka á höku og kjálkabarði.

Aðspurður um atvik [...] 2026 kvaðst ákærði hafa dinglað svolitla stund hjá brotaþola þann dag þar sem þá hafi verið liðinn mánuður frá því hann hafi hitt börnin. Hún hafi bannað honum að sjá börnin og í þau skipti sem lögregla hafi verið kölluð til hafi það verið þar sem hún hafi meinað honum að sjá þau. Hann hafi beðið hana um það í skilaboðum að fá að sjá börnin og fá þau þessa helgi. Hún hafi svarað á þann veg að hann fengi þau ekki, en hann hafi samt farið til hennar þar sem hann hafi viljað að lögregla kæmi á staðinn til að hann gæti útskýrt að hann ætti rétt á að hitta börnin sín.

Hann hafi sagt brotaþola að svona gæti þetta ekki verið áfram og ef hún kallaði til lögreglu, þá myndi hann víkja frá hurðinni og bíða lögreglu. Þetta hafi ekkert snúist um

að ásækja brotþola eða vekja hjá henni ótta, hann hafi eingöngu langað til að sjá börnin og viljað hjálp einhvers til þess. Hann hafi ekki móðgað hana eða verið með leiðindi í hennar garð. Hefði hann hringt á lögreglu, þá hefði enginn komið, og þess vegna hafi hann farið til brotþola. Þá hafi hann bankað ítrekað á rúður og hurð af sömu ástæðu, þ.e. þar sem hann hafi viljað sjá börnin. Við það hafi rúða brotnað og þá hafi hann vitað að brotþoli myndi hringja á lögreglu og því hafi hann farið í bílinn og beðið lögreglu. Hann hafi á hinn bóginn óvart brotið rúðuna.

Þá bar ákærði um að hafa virt það nálgunarbann sem hann hafi sætt gagnvart brotþola í fjóra mánuði á síðasta ári. Hann hafi ekki komið nærri henni og þegar hann hafi sótt börnin hafi hann verið 100 metra frá húsinu og E komið með allt dótið. Brotþoli hafi á hinn bóginn nálgast hann og greindi í þeim efnum frá tilviki þegar hann hefði fært henni börnin og staðið fyrir utan [...]. Þá hafi brotþoli komið út úr [...], opnað bílinn og byrjað að öskra á hann og tveimur klukkustundum síðar hafi lögregla komið og sagt honum að skrifa undir nálgunarbann. Þá hafi hún nokkrum sinnum komið til hans þegar nálgunarbannið hafi verið í gildi og bar í því sambandi um tilvik þegar hún hafi viljað rukka vin ákærða, sem hafi dvalið hjá honum, fyrir húsaleigu. Þannig hafi ekki verið nóg með að hún hafi verið með vandamál í garð ákærða, heldur hafi hún líka ásótt vini hans og viljað leigu þó svo að enginn hafi búið hjá honum. Hún hafi því nokkrum sinnum nálgast hann á þeim tíma sem nálgunarbannið hafi verið í gildi, en hann ekki gert slíkt hið sama. Kvaðst hann þó ekki muna nákvæmlega eftir fleiri tilvikum. Þá hafi hann einnig tilkynnt það til lögreglu það þegar brotþoli hafi fengið vin sinn til að lemja hann. Brotþoli og vinir hennar hafi verið með leiðindi í hans garð, og nefndi hann í því sambandi dæmi sem leitt hafi til þess að hann hafi þurft að [...].

Fyrir dómi bar *brotþoli* um að þau ákærði hefðu verið saman frá árinu [...] og ættu saman [...] börn. Þau hafi verið í sambúð frá því ári til ársins 2024 og verið í sambúð er atvik [...] 2024 hafi átt sér stað. Vinur hennar, P [...], hafi sótt hana kvöldið áður og hún farið með vinkonum sínum að skemmta sér á [skemmtistað] á [...]. Þar hafi einhver strákur ásótt þær, kunningi þeirra hafi varið þær og þeir farið að slást. Hún og vinkona hennar hafi farið til að draga þá sundur, en þá hafi hún fengið högg á höfuðið. Svo hafi þær farið að dansa og þegar staðurinn hafi lokað um þrjúleytið hafi, kannski einhverju seinna, þá hafi hún sent sama vini sínum skilaboð og beðið hann um að sækja hana. Hann hafi skutlað henni beint til [...], en á meðan hafi ákærði hringt. Þar sem hún hafi vitað að hún yrði komin heim skömmu síðar hafi hún ekki svarað honum.

Þegar heim hafi verið komið hafi dyrnar verið lokaðar og ákærði ekki opnað þó svo að hún hafi beðið hann um það. Því hafi hún hringt aftur í vin sinn og sem hafi sótt hana og sömuleiðis í vinkonur til að fá gistingu, en þær ekki svarað. Hún hafi svo beðið vininn að skutla sér til baka þegar hún hafi fundið bíllykla og hún sagt honum að hún myndi sofa í bílnum. Er þau hafi aftur komið að heimilinu hafi ákærði verið fyrir utan. Bar hún í því samhengi um að hún hefði sagt ákærða að vinkonur hennar myndu sækja hana og skutla henni heim, því ef hún hefði sagt að karlmaður myndi gera það hefði orðið rífrildi áður en hún færi og hann hefði ekki viljað leyfa henni að fara. Þegar ákærði hafi séð hver hafi skutlað henni hafi hann strax orðið leiður, reiður, eða eitthvað þar á milli. Þarna utandyra hafi hann spurt hana hvers vegna hún hafi ekki svarað símtölum og hvers vegna vinur en ekki vinkona hafi komið með henni. Kvaðst brotþoli ekki muna hverju hún hafi svarað, en þau hefðu farið inn fyrir, í lítið rými sem mætti nefna forstofu og þar hafi þau rifist meira. Hún hafi hækkað róminn, kannski viljandi svo að nágrannar myndu heyra í henni. Þegar síminn hennar hafi svo hringt hafi hún ætlað að sjá hver væri að hringja, en ákærði slegið í símann og sagt við hana „helvítið þitt“, þú vilt ekki svara mér en núna viltu svara. Hún hafi ekki náð að sjá hver hafi hringt. Þá hafi hann einnig móðgað hana, ýjað að því að hún stundaði kynlíf með þessum vini sínum, ýtt henni upp að vegg með hendinni og haldið fyrir munn hennar svo hún öskraði ekki og enginn heyrði í henni, hvorki börnin né nágrannar. Kvaðst hún þó ekki muna þetta allt þar sem liðin væru tvö ár og margt búið að gerast, þar á meðal af hálfu ákærða. Hún myndi þó að þarna hefði hún varðið sig, ýtt ákærða, klórað hann og séð það í augum hans að þetta yrði ekki í lagi. Vísaði hún í því tilliti til þess að þekkja hvernig ákærði yrði þegar hann yrði mjög reiður.

Ákærði hafi tekið símann hennar hvar sjá hafi mátt skilaboð frá P vini hennar þar sem hún hafi beðið hann um að sækja hana. Lýsti brotþoli því fyrir dómi að hafa notað tiltekið orðalag þannig að skilaboðin hafi verið falleg. Hún hafi kallað hann [gælunafn P] og því hafi ákærði bitið það í sig að brotþoli og P hefðu verið saman. Hið rétta hafi á hinn bóginn verið að þannig tali hún við vini sína [...]. Ákærði hafi tekið skjáskot af þessum skilaboðum og sett í story hjá henni á Facebook, en það hafi hún þó ekki vitað fyrr en hún hafi fengið símann sinn aftur um sólarhring síðar. Hún hafi hvorki átt í ástar-sambandi við hann eða einhvern annan.

Eftir þetta hafi þau farið í stofuna hvar ákærði hafi viljað stunda með henni kynlíf. Hann hafi setið ofan á henni en hún náð að losa sig og hann ætlað að toga hana aftur í rúmið. Á einhverjum tímamarki hafi hún farið í herbergi F [...], tekið þar síma [...] E,

og skrifað til vinkonu sinnar, hey ertu þarna? þar sem hún hafi ekki vitað hvort vinkonan væri ekki sofandi eða ekki. Hún hafi skrifað þau skilaboð kl. 4:15 eða 4:19, en einnig til annarrar vinkonu. Svo hafi hún aftur skrifað kl. 4:45 og beðið þær að kalla til lögreglu og hafi þá gefið þeim upp heimilisfangið sitt.

Þá kvaðst hún ekki muna nákvæmlega hvort það hafi gerst fyrir eða eftir þetta, en ákærði slegið hana með flötum lófa í andlitið. Hún hafi snúið baki sínu að baðherberginu en hann sínu að stofunni, og hafi hún í kjölfarið snúið sér við, farið inn á baðherbergi og læst að sér. Þar hafi hún kíkt í spegilinn og strax byrjað að koma glóðarauga. Eftir þetta hafi hlutirnir róast þar sem hann hafi sennilega náð sínu fram. Ákærði hafi þó ýjað að því að hún vildi ekki njóta kynlífs með honum, en vildi það með öllum öðrum, þar á meðal hafi hann haldið því fram að hún hefði sofið hjá yfirmanni hennar.

Hún hafi svo sofið upp við vegginn um nóttina, alveg á rúmkantinum og ákærði sofið í sama rúmi. Aðspurð um hvernig hún hafi þorað að sofa í sama rúmi og ákærði hafi hún verið svona hrædd, sagðist hún ekki hafa sofnað strax, en verið þreytt og grátið mikið. Hún hafi ekki hringt þar sem hún hafi ekki verið með símann sinn, en sent skilaboðin úr síma E dóttur þeirra sem gist hafi hjá vinkonu.

Um morguninn hafi F [...] spurt hvað hafi komið fyrir andlitið á henni. Þá hafi ákærði skipað henni að snúa sér við og þá séð hvað hann hafði gert. Hann hafi farið að gráta og sagt að hann myndi fara til Reykjavíkur að leita sér hjálpar og ef hann fengi ekki hjálp þar færi hann [...]. Þetta hafi ekki verið í fyrsta skiptið sem hann hafi slegið hana og hann hafi alltaf lofað að leita sér hjálpar. Hún viti ekki nákvæmlega klukkan hvað þetta hafi verið, sennilega kl. 11 eða 12, en skömmu síðar hafi lögreglan komið, kona og karlmaður. Kvenmaðurinn hafi spjallað við ákærða, en karlmaðurinn við hana, og barnavernd verið kölluð út þar sem börnin hafi verið heima. Þá hafi vinir hennar einnig komið og tekið [...] börnin og vinirnir viljað að hún gisti hjá þeim. Hún hafi aftur á móti tekið aftur við börnunum og ákveðið að vera heima fyrir, en ákærði hafi farið til Reykjavíkur og svo [...]. Hann hafi haldið símasambandi og lofað að breytast, en þetta hafi ekki verið að gerast í fyrsta sinn. [...] 1. janúar 2024, kvaðst brotþoli hafa sagt ákærða að hún vildi ekki halda sambandinu áfram. Þau áramót hafi ákærði valið vinina og áfengið eins og alltaf og hún sagt honum að hún vildi þetta ekki lengur. Hún hafi þrátt fyrir að hafa tilkynnt ákærða þetta 1. janúar 2024 ekki sofið hjá neinum öðrum eins og hann hafi haldið fram. Þessi [...] ár sem þau hefðu verið saman hefðu hlutirnir ýmist gengið vel eða illa. Hún hafi haldið að hlutirnir róuðust þegar þau færu í sundur, en raunin orðið sú að hann

argist alltaf í henni. Aðspurð með vísan til skýrslugjafar hjá lögreglu [...] 2024, þar sem hún hafi borið að þetta hafi bara einu sinni gerst áður, sagðist hún hafa verið að vísa til atviks í apríl 2023 þegar hún hafi sótt ákærða á bíl af samkomu [...]. Auk þess hafi svona gerst oft.

Þá bar hún um að hafa beðið ákærða að flytja út þegar hún hafi tjáð honum að þau færu í sundur 1. janúar 2024. Ef hann vildi ekki flytja myndi hún flytja. Eftir það hafi hann oft sagt að hún ætti að drullast út, en þegar hún hafi byrjað að pakka hafi hann alltaf sagt að það kæmi ekki til greina að hún flytti. Hafi hún ekki viljað búa með honum og byrjað að sofa uppi í hjá E, dóttur þeirra, en ákærði ekki leyft henni að sofa heldur hafi hann hangið yfir henni og sagt henni að koma. Hann hafi einnig kallað hana ýmsum nöfnum og nefndi hún í því samhengi meðal annars mellu og skinku. Hún kvaðst líka hafa upnefnt hann, meðal annars homma, og kvað ástandið hafa versnað á [...] árum niðurlægingar og því hafi þau átt að fara í sundur. Þá kvaðst hún ekki hafa sagt við ákærða að hann fengi ekki að sjá börnin sín og meira að segja sagt við barnavernd að hann væri pabbi þeirra og ætti rétt á að hafa samband við þau. Hún hafi viljað skrifa undir samkomulag hjá sýslumanni um umgengi við börnin.

Þá bar brotþoli um að höggið sem henni hefði verið veitt á [skemmtistað] hefði komið hægra megin á hlið á höfuð hennar, nokkurn veginn á mitt höfuðið en ekki framanvert, en sagðist ekki muna nákvæmlega hvort höggið hefði komið fyrir ofan eyrað eða ekki. Þá svaraði hún því játandi aðspurð hvort hún teldi áverkana sem fram kæmu í ákæru vera eftir samskipti hennar við ákærða en hún kvaðst enga áverka hafa fengið á [skemmtistað]. Enn fremur bar hún um að hafa ekki talið það skipta máli að greina lögreglu frá því að hún hefði fengið högg á höfuðið á [skemmtistað]. Hún og tvær vinkonur hennar hefðu ákveðið að brjóta upp slagsmál tveggja manna, annan sem þær hafi þekkt og viljað útskýra fyrir honum að láta hinn eiga sig. Hún hafi áður tekið ákærða í burtu, þ.e. þegar hann hafi slegist við aðra. Hún hafi fundið fyrir högginu sem hún hafi fengið á [skemmtistað], hún hafi sagt „á“ eða „ó“ og sagt vinkonum sínum að þetta hefði verið vont. Hún kvaðst ekki hafa farið inn í miðju þessara áfloga eða gengið á milli, heldur komið þar að og fengið eitt högg. Höggið hafi ekki verið á andlitið, en hún viti ekki hver hafi slegið. Hún hafi ekki verið snert meira sem skýrt gæti marbletti hennar á höndum eða mar á baki. Þessi átök hafi staðið yfir í smástund, kannski fimm mínútur eða skemur. Þær vinkonurnar hafi komið að og reynt að taka karlmennina í sundur, hún á einhverjum tímamarki fengið högg og farið frá. Hún sjálf hafi kannski verið þarna nærri

í þrjár mínútur. Þær hafi svo haldið áfram að skemmta sér og hún ekki fundið fyrir þessu. Vinkonurnar á staðnum hafi verið L, R, Þ og S, en þegar hún hafi fengið höggið hafi R og S komið að slagsmálunum utandyra með henni. Vinur þeirra sem hafi slegist heiti T. Þær hafi spjallað við hann áður en hann hafi farið heim og allt verið í lagi með hann.

Eftir atvikið á heimilinu [...] 2024 hafi hún farið í veikindaleyfi frá vinnu í eina viku, en glóðaraugað hafi verið til staðar í um mánuð. Hún hafi farið í skoðun hjá lækni og hafi fundið alls staðar til í líkamanum, verið stressuð og þreytt. Þá hafi hún verið andlega niðurbrotin, ekki viljað vera ein, en þrátt fyrir allt saman hafi hún farið til vinnu og spjallað þar við vinnufélaga sína. Þá hafi hún sótt þjónustu sálfræðings frá [...] 2024 til dagsins í dag sem hafi aðstoðað hana að vinna úr þessu, útskýrt margt fyrir henni, en hún sé mjög þreytt.

Nánar aðspurð út í einstaka atriði í atburðarásinni á heimili þeirra [...] 2024 kvað hún hann hafa slegið hana í andlitið í forstofunni en muna það ekki nákvæmlega. Hún hafi þá snúið bakinu að baðherberginu og hann sínu að stofunni. Hann hafi slegið með flötum lófa hægra megin í andlitið og það hafi gerst mjög hratt. Þá hafi hann rifið í hana er þau hafi verið í rúminu og haldið henni. Hann hafi líka haldið um framhandlegg hennar þegar hann hafi setið ofan á henni og hún reynt að losa sig. Enn fremur hafi hann haldið henni upp við vegg í forstofunni þegar þau hafi komið inn á heimilið. Hann hafi haldið fyrir munn hennar og einnig einhvern veginn eins og hann væri að reyna að kyrkja hana. Á þessum tímamarki hafi hún verið mjög hrædd, kvaðst eiga erfitt með að útskýra það, en rakti nánar það sem fram væri komið um að hún hafi séð í augum ákærða hversu reiður hann hafi verið. Erfitt hafi verið að anda þar sem hann hafi haldið fyrir munn hennar, en það ekki staðið lengi. Hann hafi ekki viljað að hún öskraði, svo hún veki ekki börnin og nágrannana, en hún viljað að nágrannarnir heyrðu í henni en það hafi enginn gert. Kvaðst hún á hinn bóginn sérstaklega aðspurð ekki hafa liðið eins og hún væri að missa meðvitund, en þó liðið rosalega illa vegna alls þess sem gerst hafi.

Nánar aðspurð út í tímasetningu þess að ákærði hafi slegið hana í andlitið kvað hún það ekki hafa gerst í upphafi atburðarásarinnar heldur um það leyti sem þau hafi verið að tuskast til í rúminu. Aðspurð um hvort eitthvert hlé hafi orðið á atburðarásinni bar brotaþoli um að eftir að þau hafi komið inn hafi ákærði farið með síma brotaþola í geymsluna, tekið þar skjáskot og sett í story. Höggið hafi þannig komið til seinna eftir að þetta hlé hafi orðið á atburðum. Nánar aðspurð um hvernig ákærði hafi reynt að kyrkja hana kvað hún hann hafa lagt höndina á andlit hennar, en kvaðst ekki muna hvort hann hafi þrengt

að hálsinum. Hún hafi á hinn bóginn átt erfitt með að anda þar sem ákærði hafi sett hönd-  
ina fyrir munn hennar. Aðspurð um þetta atriði með vísan til skýrslugjafar hennar hjá  
lögreglu [...] 2024, þar sem hún hafi greint frá því að henni hafi fundist hún vera að  
missa meðvitund, þar hún um að muna þetta ekki þar sem liðin væru nær tvö ár síðan.  
Hún hafi aftur á móti óttast um líf sitt þegar þetta hafi verið í gangi og hann haldið henni  
upp við vegg og því hafi hún beðið um að lögregla yrði kölluð til. Hann stjórnir ekki  
gerðum sínum þegar hann reiðist og hafi einu sinni sagt henni að það komi að því að  
hann drepi hana. Eftir að nálgunarbannið hafi svo verið sett á hafi hann sagt við hana að  
lögregla gæti ekki endalastað hana og að hann vissi hvernig hann gæti opnað hurð  
án lykils. Kvaðst hún ekki vita hvort hann hafi í umrætt sinn verið að reyna að þagga  
niður í henni fremur en að kyrkja hana eins og hann hafi sagt. Vel geti verið að hún hafi  
sagt það í skýrslu hjá lögreglu [...] 2024, en hún muni það ekki. Staðfesti hún með vísan  
til skýrslugjafar sinnar hjá lögreglu að á einum tímapunkti hefði hann haldið henni kyrrri  
upp við vegg, með framhandlegg að brjóstakassa og haldið fyrir munn hennar.

Þegar brotþola var kynnt að ákærði segði að þau tvö hefðu tekist á í forstofunni sagði  
brotþoli það ekki rétt. Hann hafi byrjað að kalla hana mellu í forstofunni og þegar hún  
hafi þá hækkað röddina hafi hann ýtt henni upp að vegg með framhandlegg, þrengt að  
munni hennar með því að halda fyrir hann og hún reynt að losa sig. Kvaðst hún ekki  
muna hvort handleggur ákærða hefði farið upp að hálsi hennar af brjóstakassanum. Það  
hafi verið þá sem hún hafi klórað hann, þ.e. við að reyna að losa sig. Þetta hafi gerst fyrst  
í atburðarásinni, áður en hann hafi farið með símann í geymsluna og sett skjáskot í störy  
hjá henni. Þá útskýrði hún að í íbúðinni væru þrjú herbergi og því hafi þau ákærði haft  
svefnsofa sem rúm í stofunni og þangað hafi hún svo farið. Hann hafi svo síðar, þegar  
þau hafi verið í rúminu inni í stofu, gripið um upphandleggi hennar og haldið henni fastri.  
Hann hafi ekki haldið henni stöðugt í atburðarásinni heldur hafi orðið hlé á milli og svo  
byrjað upp á nýtt og hafi hann rífið í hana allan tímann, bæði í forstofunni og einnig  
þegar þau hafi verið komin inn í stofu, viljað að hún stundaði með honum kynlíf og sagt  
hana stunda kynlíf með öllum nema honum.

Beðin um að lýsa nánar aðstæðum á heimilinu kvað brotþoli gengið inn í lítið rými,  
anddyri, hvar væru skór og útiföt og þar inn af væri annað rými sem hún hafi vísað til  
sem forstofu. Úr þessu rými sem hún nefni forstofu sé gengið inn í baðherbergi. Gengið  
sé inn í geymsluna úr litla fremsta rýminu, þ.e. anddyrinu.

Þá greindi brotapolí svo frá atvikum [...] *síðastliðinn* að kl. 14 hafi hún fengið skila-  
boð frá ákærða um að hann ætlaði að koma að sækja börnin og að þau ættu að vera tilbúin.  
Hún hafi skrifað til baka að hann gæti ekki skrifað henni svona þegar honum hentaði og  
hann yrði að láta hana vita með fyrirvara. Um þess helgi hafi hún verið í frí og langað  
að horfa á bíómynd með börnunum en hann sagst ætla að koma að sækja börnin eftir 25  
mínútur. Hún hafi þá beðið hann um að skrifa undir pappíra frá sýslumanni sem hún hafi  
lengi verið búin að biðja um. Hann hafi svo komið að læstri hurð, þar sem hún læsi alltaf,  
dinglað og bankað og hún tekið það upp. Hún hafi beðið börnin að fara inn í sín herbergi  
svo þau yrðu ekki vitni að rifrildi foreldranna. Þar sem hann hafi ekki gefið neitt eftir  
hafi hún hringt á lögreglu og ekki sé til á upptöku þegar hann hafi brotið rúðuna. Hann  
hafi dinglað og bankað á gluggana og kallað á börnin, sem hafi endað með rúðubrotinu,  
hann farið í bíl sinn og beðið eftir lögreglu eftir að hafa sagt að núna mætti hún kalla  
á lögreglu.

Hann hafi líka alltaf verið að taka í snerilinn til að prófa að opna og ekki dinglað einu  
sinni heldur stöðugt. Henni hafi liðið illa á meðan á þessu hafi staðið, orðið stressuð er  
hann hafi brotið rúðuna og grátið. Hún verði strax stressuð við að vita af honum og hafi  
spurt lögreglu hvort þau væru ekki að koma. Stressið komi til þar sem hann hafi áður  
hótað henni, þar sem hún viti að þegar hann verði reiður ráði hann ekki við sig og þar  
sem hann hafi lamið hana oftár en einu sinni. Þá greindi hún líka frá því að eftir að þau  
hafi farið í sundur hafi þau ákveðið að fara saman til [...] 2024, sem hafi verið slæm  
hugmynd, og greindi hún frá tveimur tilvikum í þeirri ferð þegar hún hafi orðið hrædd  
við hann. Þá kvað hún vini sína líka vera hrædda og fólk veigra sér við að blanda sér í  
þeirra mál. Þá bar hún sömuleiðis um ásakanir ákærða í hennar garð sem hann hefði birt  
á Facebook, og ásakanir hans í garð kunningja hennar.

Eftir þetta atvik sé hún komin í veikindafrí þar sem það séu alltaf einhver vandamál  
vegna ákærða og barnavernd geti ekki gert neitt. Þá spili hann með börnin og búi til nánar  
tilgreindar sögur um hana, þar á meðal um að hún brjótist inn til hans, kalli hana mellu,  
segi hana alltaf fulla og þá hafi hún einnig þurft að fá sér lögfræðing [...] þar sem hann  
segi hana skulda sér pening [...]. Hún sé hrædd eftir þetta atvik, hafi áður ekki læst húsínu  
eða bílnum sínum, en geri það í dag, þar á meðal gluggum. Í dag sé ekkert nálgunarbann  
í gangi og þegar hann sækir börnin hleypi hún þeim bara út og þegar þau séu farin læsi  
hún að sér.

Hún gangi til sálfræðings enn í dag, hafi síðast verið hjá sálfræðingnum degi fyrir aðalmeðferð og eigi að fara aftur tveimur vikum síðar. Þá sé hún einnig á leið til læknis sem hafi boðið henni að votta áframhaldandi veikindaleyfi, en hún hafi verið í slíku leyfi frá vinnu síðan [...] 2026. Þá bar brotapolu um að muna stundum ekki lengur hvað hún hafi gert degi fyrir eða fyrir tveimur vikum og sömuleiðis að hafa hætt sem [...] í vinnunni og vera nú einungis venjulegur starfsmaður frá [...] 2025. Þessi vandamál hafi byrjað eftir „allt þetta með ákærða”.

Bar brotapolu aðspurð um að hafa í einu tilviki á þeim tíma sem ákærði sætti nálgunarbanni gagnvart henni frá miðju því ári farið að fyrrum heimili þeirra [...] þegar ákærði hafi búið þar þegar maður frá Rarik hafi komið til að sjá eitthvað á heimilinu en ákærði ekki viljað hleypa honum inn þó að hún hafi látið vita af honum. Hún hafi því farið að hurðinni og hrópað hátt að hann ætti að hleypa honum inn. Þegar ákærði hafi opnað hafi maðurinn farið inn en hún farið í bílinn sinn. Kvaðst hún telja að það hafi bara verið í þetta eina skipti sem hún hafi farið að heimilinu því síðar hafi hún og börnin farið [...]. Þá kvaðst hún aðspurð á þeim tíma sem nálgunarbannið hafi verið í gildi ekki hafa farið að heimili ákærða og öskrað að hann eða annar maður ættu að borga leigu. Hún hafi aftur á móti átt þess háttar samskipti við hann í skilaboðum og vísaði í því samhengi til þess að hún hafi bæði verið að borga af láni og leigu.

*Lögreglumaður B* staðfesti við aðalmeðferð málsins að hafa ritað frumskýrslu vegna atvika [...] 2024 og verið þá á vakt. Ákærði hafi tekið á móti lögreglu þegar þau lögreglumaður C hafi knúið dyra. Grunur hafi verið um að eitthvað hafi átt sér stað á milli ákærða og brotþola um nóttina. Brotþoli hafi setið á svefnsófa í stofu og hún og lögreglumaðurinn spjallað stuttlega saman. [...] börn hafi verið að leik í næsta herbergi. Hún hafi verið með áverka í andliti og marbletti á framhandlegg og úlnliðssvæði. Miðað við ummerki hafi lögreglumaðurinn talið brotþola hafa orðið fyrir árás og að mestar líkur væru á að ákærði hafi verið þar að verki. Ákærði hafi því verið fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa og starfsmaður félagsþjónustu hafi komið á vettvang og sinnt brotþola og börnunum. Þá hafi rannsóknarlögreglumaður komið á staðinn og tekið við rannsókn málsins. Brotþoli hafi sagt það og gefið í skyn að ákærði hafi veitt henni áverkana í andliti. Hún hafi ekki nefnt að hafa lent í öðrum áflogum og hafi lögreglumaðurinn ekkert heyrt af því. Kvaðst hann aftur á móti muna vel að hún hafi talað um að ákærði hafi grunað hana um að hafa verið í samskiptum við annan karlmann þegar hún hafi verið að skemmta sér á [skemmtistað].

Fyrir dómi staðfesti *lögreglumaður C*, ritun vettvangsskýrslu og að hafa verið á vakt [...] 2024. Ákærði hafi komið til dyra er lögregla hafi komið á vettvang og hafi lögreglumaðurinn verið hjá ákærða í eldhúsi á meðan samstarfsmaður hennar hafi rætt við brotaþola og séð áverka á henni. Hafi lögreglumaðurinn svo beðið hjá brotaþola og börnunum á meðan samstarfsmaður hennar hafi farið með ákærða á lögreglustöð. Brotaþoli hafi verið með glóðarauga á hægri auga og áberandi áverka á hægri hendi, marbletti, en síður áberandi áverka á hinn hendinni. Hún hafi sagt ákærða hafa veitt henni áverkana um nóttina. Hún hafi þó ekki talað mikið um þetta, en svo verið færð á lögreglustöð þar sem tekin hafi verið af henni skýrsla. Þá kvaðst lögreglumaðurinn ekki muna til þess að brotaþoli hefði nefnt að hafa lent í öðrum átökum fyrir um nóttina.

Þá staðfesti lögreglumaðurinn einnig að hafa unnið fyrirliggjandi ljósmyndaskýrslu um áverka brotaþola, að hafa tekið þar tilgreindar myndir á vettvangi að [...], en kvað aðrar myndir skýrslunnar vera skjáskot úr búkmyndavél lögreglu. Þá hafi hún ritað skýringartexta við myndirnar.

*Lögreglumaður U* bar um það fyrir dómi að hafa stýrt rannsókn vegna atviksins [...] 2024. Hún hafi komið að málinu þann dag og tekið þá skýrslur bæði af ákærða og brotaþola. Við vísan til skýrslugjafar ákærða hjá lögreglu [...] 2024, hvar ákærði hafi borið um að brotaþoli hafi fyrir atvik á heimili þeirra [...] 2024 lent í atviki á [skemmtistað], sagði lögreglumaðurinn að brotaþoli hefði ekki verið spurð út í það atvik við rannsóknina eða neinn sem verið hefði á [skemmtistað]. Sagði hún ákærða ekki hafa borið um það í skýrslugjöf hjá lögreglu eftir hádegi [...] 2024 að brotaþoli hefði verið með áverka þegar hún hefði komið heim um nóttina. Upplýsingar um atvikið á [skemmtistað] hafi komið fram mörgum mánuðum eftir atvikið á heimili ákærða og brotaþola og virkað hafi eins og verið væri að kenna öðru um. Ekkert hafi bent til þess að áverkarnir hafi komið til á [skemmtistað] og ekki verið talin ástæða til að rannsaka það frekar. Þá hafi verið langt um liðið og litlar eða engar líkur taldar á að það myndi hafa eitthvað upp á sig. Engar upplýsingar hafi legið fyrir um neinn sem hafi orðið vitni að þeim átökum þar sem ekkert hafi verið skráð um þau í gögnum lögreglu og lögregla ekki verið kölluð út eða haft nein afskipti þetta kvöld. Því hefði verið mikil vinna að finna einhver vitni eða einhvern sem hefði getað sagt til um þetta.

Þá bar lögreglumaðurinn um að vegna annars atviks hefði verið ákveðið að taka aðra skýrslu bæði af ákærða og brotaþola [...] 2024. Rakti lögreglumaðurinn nánar að ákærði

hefði upphaflega yfirgefið heimili þeirra tveggja eftir atvikið [...] 2024, en svo hefði hann farið að gera sig þar heimakominn á nýjan leik. Því hafi brotþoli óskað eftir aðstoð svo hann færi af heimilinu og hafi hann samþykkt skriflega yfirlýsingu um að koma ekki aftur á heimilið. Þetta atvik hafi orðið til þess að þau hafi verið spurð nánar út í atvikið [...] 2024 í skýrslugjöfum hjá lögreglu í október það ár.

*D* kvaðst fyrir dómi þekkja hvort tveggja ákærða og brotþola en ekki vera tengdur þeim. Hann og *P* hafi beðið lögreglu um að fara að heimili brotþola [...] 2024. Það hafi komið þannig til að þau hafi verið heima við og *P* hafi komið með símann sinn til hans vegna skilaboða frá dóttur brotþola um að kalla til lögreglu og senda að heimili hennar. Þau hafi því farið á bíl [...] til að reyna að hitta á lögreglu, en þar hafi verið lokað og þau því ekið til baka. Á bakaleiðinni hafi þau mætt lögreglubíl og gefið til kynna merki um að biðja lögreglu um að stoppa. Þau hafi sýnt lögreglu skilaboðin og gat *D* þess að hann sjálfur hefði [...] *P* [...]. Þá staðfesti hann enn fremur er honum voru sýnd skilaboðin, sem gerð hefur verið grein fyrir í kafla I dómsins.

Við aðalmeðferð málsins greindi *P* frá því að hún og brotþoli hafi unnið saman. Einnig að hún og *D*, tengdafaðir hennar, hafi beðið lögreglu um að fara að heimili brotþola [...] 2024. Þær brotþoli hafi verið að skemmta sér kvöldið áður á [skemmtistað] og bar *P* um að hafa farið strax að sofa eftir að hún hafi komið heim til sín kl. 3 um nóttina. Það hafi verið orðið framorðið þegar hún hafi farið á fætur, þ.e. á milli kl. 10 eða 11. Hún hafi fengið áhyggjublandin skilaboð frá brotþola en hvorki hún né samstarfskonur þeirra hafi getað náð sambandi við brotþola og hafi hún því orðið hrædd. Nánar tiltekið hafi skilaboðin verið frá Facebook-aðgangi *E*, dóttur brotþola, og hún verið búin að senda sér vinabeiðni á Facebook. Í fyrstu skilaboðunum hafi verið spurt hvort hún væri þarna og í þeim síðari verið kallað eftir hjálp, komið fram heimilisfang og beiðni um að hringja á lögreglu. Hún hafi því beðið tengdapabba sinn um aðstoð. Þau hafi í fyrstu farið á lögreglustöð en svo mætt lögreglubíl og náð að láta vita af sér. Kvaðst *P* hafa [...]. [...] og sýnt skilaboðin. Hún hafi greint frá því að hafa miklar áhyggjur af brotþola, að hafa haft áhyggjur af því að síminn hafi verið tekinn af henni og af því að hafa ekki náð sambandi við hana.

Aðspurð um hvort hún hafi séð brotþola hafa lent í árás eða átökum á [skemmtistað] kvaðst hún ekkert atvik hafa séð þar sem hún hafi verið langt frá með annarri nafngreindri vinkonu. Brotþoli hafi á hinn bóginn sagt henni frá því þegar þær hafi talað saman á

dansgólfinu að hún fyndi til aftan í höfðinu eftir að hafa gengið á milli tveggja stráka. Hún hafi sagst hafa fengið högg, en ekki verið með neina áverka. Hún hafi haldið um aftanvert höfuð þegar hún hafi sagt frá þessu, en Þ kvaðst þó ekki geta sagt nákvæmlega hvar hún hafi haldið. Gat hún þess að brotþoli hefði ekki haldið áfram að dansa hefði þetta verið „alvöru“ högg. Kvaðst Þ hafa verið undir áhrifum þegar þetta hafi átt sér stað, en kvaðst muna eftir öllu sem gerst hafi. Þær hafi ekki verið í samskiptum vegna þessa atviks til að ræða það og ekki hafa verið tilefni til þess.

Fyrir dómi bar V um að hafa einnig verið stödd á [skemmtistað] í umrætt sinn. Hún hafi séð slagsmál utandyra á miðri verönd staðarins gegnum hurð sem í hafi verið gler-rúða. Fjölmenni hafi verið þarna og þegar tveir eða þrír karlmenn hafi slegist hafi brotþoli komið að og reynt að taka þá í sundur. Þegar einn þeirra hafi ætlað að lemja annan hafi hún séð brotþola verða fyrir höggi, en kvaðst ekki geta greint nákvæmar frá hvar höggið hafi lent en að það hafi komið á efri hluta líkama hennar og nánar aðspurð ekki hvort það hafi farið í höfuðið eða öxlina. Ekki heldur hver hafi veitt höggið. Ekki hafi verið langt frá vitninu til brotþola þegar þetta hafi gerst og greindi hún í því samhengi frá að það hafi verið álíka langt og frá vitnastúkunni í dómsalnum að dómara. Í kjölfar þessa hafi brotþoli farið til hliðar og þá hafi vitnið farið til að athuga með hana og svo sjálf farið heim með vini sínum. Lýsti hún því að brotþoli hefði komið að áflogunum frá hlið og reynt að taka þá í sundur sem slegist hefðu. Kvaðst hún ekki geta sagt nánar til um staðsetningu brotþola í þessu tilliti og að langt væri um liðið. Þá hafi aðrir karlmenn líka reynt að brjóta upp slagsmálin og hafi þetta gerst hratt og mikill órói verið á staðnum. Þarna hafi líka vinkonur brotþola verið til hliðar, ekki langt frá að því er hún kvaðst halda. Gat hún ekki skýrt hvort eitthvað meira hefði hent brotþola, en vinkonur hennar hafi farið til hennar. Áður en til þessa hafi komið kvaðst V hafa dansað með vinum sínum og brotþoli hafi einnig dansað. Þá kvaðst hún ekki hafa drukkið mikið áfengi um kvöldið og ekki verið mikið drukkin.

M bar einnig um það við aðalmeðferð málsins að hafa verið á [skemmtistað] í umrætt sinn. Hann hafi farið út að reykja og orðið vitni að áflogum tveggja manna á veröndinni fyrir utan. Nokkur högg hafi gengið á milli og svo hafi brotþoli skipt sér af. Þegar hún hafi komið nærri hafi hún orðið fyrir höggi annars mannanna, sem ætlað hafi verið hinum. Í kjölfarið hafi orðið mikill æsingur, hann fundið V og sagt henni að hann vildi fara heim þar sem hann vildi ekki taka þátt í þessu. Nánar tiltekið hafi annar mannanna

ætlað að slá hinn þegar brotaþoli hafi komið frá hlið. Eftir að hafa fengið höggið hafi brotaþoli farið til hliðar, sem vitnið bar um að bent hafi til þess að henni hafi brugðið, og sagði hann vinkonur hennar hafa komið að. Áflogin hafi haldið áfram án þess að brotaþoli kæmi þar nærri.

Höggið, sem verið hafi með lokuðum hnefa, hafi lent á höfði hennar án þess að hann gæti sagt nánar hvar þar sem hann hafi verið það langt frá og þetta hafi gerst hratt. Brotaþoli hafi staðið þarna nærri í mesta lagi tvær til þrjár mínútur án þess að vitnið gæti sagt nánar til um það, en slagsmálin hafi staðið lengur. Hann hafi bara séð hana fá þetta eina högg. Kvaðst hann í því samhengi ekki geta sagt til um hvort hún hafi snert einhvern þessar mínútur sem hún hafi verið þarna nærri því hann hafi verið að þæla í körlunum tveimur. Kvaðst hann telja höggið hafa verið þungt og vísaði þar um til slagsmála tveggja æstra fullorðinna karlmannna. Hann sjálfur hafi orðið hræddur og því ákveðið að fara. Þá bar hann um að hafa ekki verið yfirheyrður vegna þessa af lögreglu og ekki hafa séð neina áverka á brotaþola því hann hafi farið heim eftir þetta. Þau búi á hinn bóginn á litlum stað, viti þess vegna hver hún sé, og hafi hann séð hana síðar [...] og hafi hún þá verið bólgin undir öðru auganu. Þá hafi hann einnig séð hana úti á götu. Þetta kvöld hafi hann verið búinn að neyta áfengis, en í mesta lagi eins eða tveggja bjóra.

Fyrir dómi bar *Q* einnig um að hafa verið á [skemmtistað] með brotaþola í umrætt sinn, en þær hefðu þekkt gegnum vinnu í sex ár. Hún bar einkum um að þær hefðu verið þarna saman ásamt fleiri vinkonum og orðið vitni að slagsmálum utandyra. Hún og vinkonur hennar hafi fylgst með í um 20 til 30 metra fjarlægð, en brotaþoli og tvær aðrar vinkvennanna hafi farið þar að til að taka karlmennina í sundur. Rakti hún svo nánar einnig hvernig annar þessara karlmannna hafi ónáðað þær áður en til slagsmálanna hafi komið og að hinn hafi varið þær. Hún hafi ekki séð þegar brotaþoli hafi fengið högg þar sem hún hafi verið of fjarri, en brotaþoli hafi sagt frá því að hún hafi óvart fengið högg, sagt „ó“ og snert höfuð sitt. Bar hún um að allt hafi verið í lagi eftir það og kvaðst ekki muna hvorum megin, hægra eða vinstra megin, á höfuðið höggið hafi átt að hafa komið. Höggið hafi þó ekki átt að hafa lent á andliti brotaþola og útskýrði hún að brotaþoli hafi haldið annars staðar um höfuðið og sýndi með látbragði líkt og brotaþoli hafi haldið um aftanvert höfuðið hægra megin. Þá hafi brotaþoli ekki lent í öðrum átökum á [skemmtistað]. Þær hafi í kjölfarið dansað tvo dansa en um kl. 3 hafi staðurinn verið að loka. Þannig hafi þær um 15 mínútum eftir höggið yfirgefið staðinn og engir áverkar verið sýnilegir á brotaþola. Brotaþoli hafi hringt í vin sinn til að fá hann til að skutla henni

heim til hennar, en vitnið sjálf hafi gengið heim. Þær vinkonur sem verið hafi nærri slagsmálunum með brotaþola hafi verið S og Ö.

S bar einnig um það við aðalmeðferðina að hafa verið með brotaþola á [skemmtistað] í umrætt sinn, en þær tvær væru vinkonur. Í meginatriðum greindi hún frá því að tveir karlmenn hefðu slegist þar, þar af annar sem hefði verið að verja vinkvennahópinn fyrir hinum sem hefði áreitt þær. Hafi annar karlmannanna beðið hinn um að koma út fyrir með sér. Hún, brotaþoli og Ö, vinkona þeirra, hafi farið til að taka þá í sundur þegar þeir hafi slegist [...] og farið nær eftir um 20 mínútur af áflogunum. Á einhverjum tímapunkti hafi brotaþoli sagt „á, ég fékk högg á höfuðið“ og að hún fyndi til. Kvaðst S hafa staðið nálægt brotaþola þegar hún hafi fengið höggið og lýsti því þannig að það hafi verið eins og handleggur hafi nuddast á höfuð brotaþola. Kvaðst hún telja höggið hafa lent hægra megin á höfði hennar og örugglega ekki á andlitinu. Hún hafi greint vitninu frá því að hún fyndi til. Eftir það hafi þær dansað við tvö eða þrjú lög áður en staðnum hafi svo verið lokað kl. 3. Hafi brotaþoli áfram minnst á það að finna til þegar þær voru á staðnum.

Kvað vitnið meðal annars erfitt að lýsa þessu nánar nú tveimur árum síðar, en sagði brotaþola hafi fengið höggið þegar karlmennirnir hafi verið á hreyfingu og þær um hálfum metra frá og beðið þá um að hætta. Kvaðst vitnið ekki hafa séð brotaþola verða fyrir öðru en þessu höggi og þær vinkonurnar ekki orðið fyrir neinu öðru hnjaski. Karlarnir hafi slegist með lokaða hnefa. Kvaðst hún ekki geta sagt hversu lengi slagsmálin hefðu staðið en nefndi í því sambandi 30 til 40 mínútur, en kvaðst telja þær hafa verið nærri slagsmálunum í um 30 mínútur. Þá greindi hún auk annars sömuleiðis frá því að um kl. 3 hefði brotaþoli beðið vin sinn um að koma að sækja sig. Hún hafi ekki verið með áverka eftir höggið á [skemmtistað], en verið marín í andliti er hún hafi mætt í vinnuna á mánudegi og greint þeim frá því að hún hafi ekki getað náð sambandi við vinnufélagana um nóttina þar sem hún hafi ekki verið með símann sinn. Hún sjálf kvaðst um kvöldið hafa drukkið tvær áfengar blöndur og að þær brotaþoli hafi ekki rætt atvikið í aðdraganda aðalmeðferðarinnar.

Fyrir dómi staðfesti *læknirinn J* að hafa ritað áverkavottorð, dags. [...] 2024, sbr. kafla I dómsins. Kvaðst hann ekki hafa hitt brotaþola og að nótur K læknis og sálfræðings sem teknar væru upp í vottorðið vörðuðu brotaþola og væru úr sjúkraskrárkerfi [...].

Við aðalmeðferðina bar *læknirinn K* um samskipti sín og brotaþola í kjölfar atvika [...] 2024, en hún hafi komið til hans [...] 2024. Kvaðst hann ekki muna nákvæmlega

frá hverju hún hafi greint en hann hafi þó ritað niður texta um það í sjúkraskrá og rakti hann í kjölfarið ítarlega þá skráningu, sbr. einnig kafla I dómsins. Bar læknirinn einnig um að hafa ritað veikindavottorð til vinnuveitanda að beiðni brotaþola frá [...] 2024 og að sá læknir sem ritað hafi áverkavottorðið sem slíkt hafi ritað skýringartexta við myndir sem fylgdu vottorðinu. Rakti hann aftur á móti sjálfur hvað þar bæri fyrir augu, sömu-leiðis með vísan til skoðunar sinnar á brotaþola. Hann hafi heldur ekki sjálfur tekið myndirnar.

Á mynd af andliti brotaþola kvað hann mega sjá marblett neðan við hægra auga auk þess sem sjá mætti mar á augnloki, auk þess sem greina mætti líklega mar á hægra augnloki og hringlaga útbrot ofan við varir. Sagði hann gríðarlega óvenjulegt ef þessar ákomur á andliti brotaþola væru vegna sjúkdóms en ekki vegna einhvers konar högga eða að kraftur hafi orsakað þær, sem segja mætti að væri algengasta orsökkin fyrir marblettum. Þó taldi hann ákomu á efri vör líklega frunsu og að hafa líklega einnig hugsað það á sínum tíma. Aðspurður um þá áverka sem sjá mætti og hvort líklegt væri að ákomustaður þeirra væri sá sami og þar sem áverkarnir birtust eða annars staðar, til að mynda glóðaraugað, bar hann um að til að mynda glóðaraugað samrýmdist því að henni hefði verið veittur sá áverki með höggi á þann stað og kvað aðra ákomu höggs þurfa að vera nokkuð nærri þeim stað, og þá í ljósi þess að marblettir gætu hreyfst örlítið á milli.

Á mynd af hálsi brotaþola og kjálkabarði, hvar meðal annars mætti sjá dekkri línu á kjálkabarði, þá gildi það sama um þann marblett og aðra, að algengast sé að þeir komi til vegna sljós krafts. Roðinn á hálsi geti samræmst því að þarna hafi orðið núningur. Þá megi einnig sjá marbletti á framhandlegg, í olnbogabót og á utanverðum hægri upphandlegg. Einnig séu marblettir á aftanverðum vinstri upphandlegg. Þá bar læknirinn sömu-leiðis um það með vísan til lýsingar í nótu sinni frá [...] 2024, sem tekin hafi verið upp í áverkavottorðið, að hafa sjálfur ekki séð mar á baki brotaþola og kvaðst ekki geta túlkað dekkri part af bakinu samkvæmt myndum.

Bar hann enn fremur um að mar, roði og bólga á augnloki og glóðarauga á hægra auga gæti stafað af því að brotaþoli hafi verið slegin í andlitið. Þá gætu marblettir á upphandleggjum komið eftir að haldið hafi verið þar um og þá gæti mar á baki stafað af því að hafa verið þrýst upp að vegg, en gat læknirinn um það í því samhengi að hafa samkvæmt eigin nótu ekki greint þann áverka sjálfur og verða að standa við sína eigin nótu. Hvað varði mar á höku og undir kjálkabarði, roða í húð neðan við kjálkabarð og rauða bletti á hálsi kvað læknirinn þetta geta komið til við að þrýstingi sé beitt á þau eða nærliggjandi

svæði. Þá kvað læk'nirinn þann áverka einnig samrýmst því að brotaþoli hafi fengið högg þar, er hann var spurður um hvort hann gæti samrýmst því að hún hafi verið slegin þar upp á við með flötum lófa. Þá stemmdi það að ef haldið væri fyrir vit gæti viðkomandi liðið eins og að geta ekki andað. Verið gæti að einstaklingur sem væri logandi hræddur í þeirri aðstöðu gæti upplifað meðvitundarskerðingu. Kvað læk'nirinn það geta verið hættulega atlögu að halda fyrir munn og á brjóstakassa. Nánar aðspurður um það mat sitt og hvaða viðmið hann hefði þar um kvað hann það vera hættulegt að halda fyrir vit einstaklings svo að viðkomandi gæti ekki andað þar sem súrefni þyrfti til að lifa af.

Þá kvað hann ekki útilokað að marblettir brotaþola hafi getað myndast einhverjum dögum áður, en gat þess þó í því samhengi að marblettir hennar hafi verið nokkuð bláir, án þess þó að vilja fullyrða um tímasetningar út frá því. Þá bar hann aðspurður um að það færi eftir stærð og alvarleika áverka hversu fljótt marblettir mynduðust, en þeir gætu komið á einhverjum klukkustundum, jafnvel fljótar og nefndi hann hálfa klukkustund í því samhengi. „Tímafaktorinn“ gæti þó stemmt við það að læk'nirinn hafi hitt brotaþola daginn eftir ætluð atvik. Kvað hann spurður um möguleg áhrif vítamín- eða næringarskorts á myndun marbletta slíkan skort þurfa að vera mjög mikinn til að hafa slík áhrif. Miðað við sín gögn hafi hann ekki skoðað ganglimi brotaþola og kvaðst því ekki geta rætt hvort brotaþoli hafi mögulega verið með marbletti þar eða annars staðar. Kvað hann lýsingu brotaþola, er þau hafi hist, á því hvernig áverkar hennar hafi komið til samræmast áverkunum, þó svo að ekki sé unnt að útiloka að þeir hafi komið til á annan máta.

Þá staðfesti *lögreglumaður N* að hafa ritað frumskýrslu lögreglu vegna atvika [...] síðastliðinn. Lögregla hafi fengið tilkynningu um að ákærði hafi verið fyrir utan heimili barnsmóður sinnar að berja á hurðar og glugga. Þegar lögregla hafi komið á staðinn hafi ákærði setið í bifreið sinni og rætt hafi verið við hann í þrjár til fimm mínútur. Hann hafi verið fluttur á lögreglustöð af öðrum lögreglumanni, en vitnið hafi myndað skemmdirnar og hugað að börnunum.

Við aðalmeðferð málsins bar *sálfræðingurinn L* um að brotaþoli hafi notið sálfræðiþjónustu hennar vegna tveggja atvika tengdum ákærða, annars vegar [...] 2024 og hins vegar [...] 2026. Henni hafi verið vísað af lækni til sálfræðingsins [...] 2024 vegna heimilisofbeldis og hafi síðasta heimsókn brotaþola fyrir aðalmeðferðina verið [...] 2026. Hún hafi tekið próf hjá sálfræðingnum til greiningar á líðan hennar, þar á

meðal í þessari síðustu heimsókn sinni. Niðurstöður þess prófs hafi gefið til kynna [upp-  
lýsingar um andlega heilsu]. Próf brotþola eftir atvikið [...] 2024 hafi einnig gefið [upp-  
lýsingar um andlega heilsu] til kynna. Aðspurð um áhrif samskipta brotþola og ákærða  
á líðan brotþola greindi sálfræðingurinn frá því að brotþoli hafi oft komið grátandi,  
þreytt og [...] til sálfræðingsins og talaði um erfið samskipti við ákærða. Kvað hún þær  
brotþola auk annars hafa rætt samskipti brotþola og ákærða vegna barna þeirra og hús-  
næðis. Staðfesti hún einnig að hafa ritað fyrirbyggjandi nótur um komur brotþola til sál-  
fræðingsins [...] 2024.

### III

Í máli þessu eru ákærða, X, gefin að sök tvö brot í nánu sambandi samkvæmt 1. mgr.  
218. gr. b almennra hegningarlaga, gegn brotþola A, annars vegar [...] 2024 og hins  
vegar [...] 2026. Háttsemi ákærða er í fyrra tilvikinu til vara heimfærð til 1. mgr. 217.  
gr. sömu laga, en í síðara tilvikinu er háttsemi hans auk 1. mgr. 218. gr. b laganna talin  
heimfærð til 1. mgr. 257. gr. sömu laga sem eignaspjöll.

Hvað atvikum [...] 2024 viðvíkur er af hálfu ákærða byggt á því að ósannað sé að  
hann hafi viðhaft þá háttsemi sem honum sé gefin að sök. Um annað en það sem hann  
hafi gengist við sé sönnunarstaðan orð gegn orði og ekki vitnum sé til að dreifa um sak-  
næma háttsemi. Þá hafi sönnun um ásetning ekki tekist, vafi sé um uppruna áverka  
ákærða og rannsókn lögreglu áfátt sem brjóti í bága við 2. mgr. 53. og 1. mgr. 54. gr.  
laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Vafa um sekt og atvik sem telja megi ákærða í  
óhag hvíli á ákæruvaldinu, sbr. 1. mgr. 108. gr. sömu laga, og skuli hann talinn saklaus  
uns sekt hans sé sönnuð í skilningi 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr.  
mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er varðandi atvik [...] síðastliðinn af hans hálfu á því  
byggt að ásetningur sé ósannaður og rannsókn lögreglu sé að auki áfátt í því tilliti, hvort  
tveggja að því er varði brot í nánu sambandi eða eignaspjöll. Heimfærsla til 218. gr. b  
eigi að auki ekki við rök að styðjast og beita skuli 3. mgr. 257. gr. laganna hvað viðkomi  
eignaspjöllum þegar ásetningur er ósannaður líkt og raunin sé.

Við mat á því hvað telst sannað gætir dómurinn að tilvitnaðri meginreglu 2. mgr. 70.  
gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um að hver sá sem  
borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið  
sönnuð. Er þá einnig sem endranær haft hugfast að samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008  
um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum  
í óhag, á ákæruvaldinu. Leiðir þegar af þeim orðum að sönnunarbyrði ákæruvalds nær

ekki til þess að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 18. júní 2025 í máli nr. 3/2025. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari svo hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sönnunargögn. Enn fremur á grunni 2. mgr. sama lagaákvæðis, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá mælir fyrir um það í 1. mgr. 111. gr. laganna að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Einnig er til þess að líta að samkvæmt 115. gr. sömu laga metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Jafnframt metur dómari sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls og geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu að því marki að unnt sé að draga ályktanir um sakarefnið af framburði þeirra. Við mat á vitnisburðum skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum vitnis af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn, sbr. 126. gr. laganna. Þá hefur einnig verið lagt til grundvallar í dómaframkvæmd að þegar framburður ákærða eða brotþola er metinn verði og að huga að innra samræmi framburðar, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn. Samhliða verður að kanna ytra samræmi framburðar sem beinist að því að virða hann í ljósi annarra upplýsinga sem komið hafi fram við málsmeðferð, þar með talinn framburð annarra. Á þessum grunni er metið hvort framburður er trúverðugur og hvaða áhrif það hefur með tilliti til annarra sönnunargagna.

*Niðurstaða vegna sakargifta samkvæmt ákæru útgefinni 30. september 2025.*

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um atvik innandyra að [...] aðfaranótt [...] 2024. Upplýst er að kvöldið áður og þá um nóttina hafi brotþoli verið að skemmta sér í hópi vinkvenna og að þær hafi verið staddar á [skemmtistað] [...] er út hafi brotist slagsmál karlmannna. Hluti hópsins hafi skipt sér af þeim, þar á meðal brotþoli. Samkvæmt hennar framburði og vinkvennanna S, Q og Þ fékk brotþoli við það högg á höfuðið. Af vinkvennahópnum bar brotþoli um að höggið hefði lent á miðju höfðinu hægra megin og S um ákomu hægra megin á höfuð brotþola, örugglega ekki á andlit. Vinkonurnar Q

og Þ kváðust ekki hafa séð er brotabola var veitt höggið, en af framburði þeirra um samskipti við brotabola í kjölfarið verður ráðið að brotaboli hafi greint þeim frá atvikinu og að hún hafi kennt sér meins í aftanverðu höfðinu. Þá bar vitnið V um að hafa séð brotabola verða fyrir höggi, án þess að hafa séð nánar ákomustað þess að öðru leyti en að höggið hafi hafnað á efri hluta brotabola. Vinur V, M, bar um högg með lokuðum hnefa sem lent hafi á höfði brotabola án þess að hafa séð nánar hvar á höfðinu það hafi lent. Enginn þessara einstaklinga bar um að hafa séð áverka á brotabola og ekkert þar viðstaddra vitna sem fyrir dóminn kom bar þannig um að höggið hefði lent í andliti brotabola eða þar nærri sem skýrt gæti áverka í andliti hennar. Báru vinkonurnar auk annars einnig um að þær hafi að svo búnu dansað áður en þær hafi farið heim af staðnum.

Að því virtu sem rakið er um frásagnir vitna af atvikum af [skemmtistað] fyrr um nóttina þykir ekkert fram komið sem rennt geti stoðum undir það að brotaboli hafi er hún hélt heim á leið um nóttina haft þá áverka sem raktir eru í ákæru. Er í þeim efnum gætt að því að ekkert í vitnisburðum vinkvennanna er í þessum efnum í ósamræmi við framburði V og M, en V gætti að brotabola í kjölfarið og kvaðst M ekki hafa séð áverka á brotabola en hann bar sömuleiðis í því tilliti um að hafa yfirgefið staðinn strax á eftir. Þá er og horft til þess að ákærði sjálfur hefur ekki borið um það fyrir dómi eða við rannsókn málsins að hafa séð áverka á brotabola við heimkomu hennar, heldur bar hann aðspurður um það í skýrslugjöf hjá lögreglu [...] 2024 að hafa engin slík ummerki séð. Að öllu framanrituðu virtu verður því lagt til grundvallar að sannað sé að brotaboli hafi ekki verið með þá áverka sem lýst er í ákæru er hún kom heim til sín um nóttina.

Af framburði ákærða og brotabola fyrir dómi verður ráðið að efnislegt samræmi sé í frásögnum um ósætti þeirra strax við heimkomu brotabola og að þau hafi tekist á um farsíma hennar. Einnig um að brotaboli hafi þá öskrað og að ákærði viljað koma í veg fyrir að hún vekti nærstadda, þar á meðal [...] börn þeirra sem dvöldu á heimilinu, með því að halda fyrir munn hennar. Sömuleiðis er samsvörun í frásögnunum að því marki að atburðarásin hafi hafist fremst í íbúðinni í litlu rými sem samkvæmt fyrirliggjandi teikningum nefnist forstofa, sem þau nefna ýmist því nafni eða sem anddyri.

Ákærði bar fyrir dómi um að er þau hafi tekist á um síma brotabola hafi hún slegið hann og á þeim tímupunkti hafi honum sortnað fyrir augum og slegið hana til baka. Aftur á móti greindi brotaboli frá því að þarna í upphafi hefði ákærði ýtt henni upp að vegg með framhandlegg og þrengt að munn hennar með því að halda fyrir og hún reynt að losa sig, meðal annars með því að klóra. Kvaðst hún hafa upplifað eins og ákærði væri

einhvern veginn að reyna að kyrkja hana, verið mjög hrædd og séð í augum hans hversu reiður hann hafi verið. Kvaðst hún fyrir dómi ekki muna hvort hann hafi þrengt að hálsi hennar eða hvort hönd hans hafi farið af brjóstakassa hennar á hálsinn, en hún átt erfitt með að anda þar sem hann hafi haldið fyrir munn hennar, sem þó hafi ekki staðið lengi. Kvaðst hún á hinn bóginn ekki muna til þess að hafa misst meðvitund, líkt og hún bar um hjá lögreglu, en að hafa óttast um líf sitt er þetta hafi verið í gangi og því beðið um að lögregla yrði kölluð til. Fram er komið að ákærði kannaðist við það fyrir dómi að hafa haldið fyrir munn brotþola til að hún vekti ekki börnin, en hafa örugglega ekki sett handlegg að hálsi hennar. Er honum var kynnt fyrir dómi að hann hafi í skýrslugjöf hjá lögreglu [...] 2024 borið um að áverkar á kjálkabarði gætu hafa komið til þegar hann hafi haldið brotþola greindi hann svo frá að þau tvö hefðu rifist og hann nuddað hana eitthvað með hendinni eða eitthvað þess háttar, en taka verði tillit til að hún hafi komið af barnum þar sem eitthvað hafi gerst. Eftir fyrstu samskipti þeirra bar brotþoli um að ákærði hefði farið með símann hennar frá og miðað við það sem hún síðar viti hafi hann sett skjáskot af samskiptum hennar við P í story hjá henni á Facebook.

Bæði báru einnig um það fyrir dómi að hafa verið í stofu íbúðarinnar, sem einnig hafi verið þeirra svefnherbergi, en nokkur munur er á frásögnum þeirra um hvað þar henti. Bar ákærði um að þar hafi brotþoli aftur farið að öskra án þess að vera til frásagnar um ástæður þess og mundi ekki nákvæmlega hvað þar hafi gerst í kjölfarið, en brotþoli hafi viljað fara eitthvað og öskrað allan tímann. Greindi hann sömuleiðis frá að hafa gripið aftan frá í fót hennar en rak ekki minni til hvernig. Andspænis því bar brotþoli um að eftir að hlé hafi orðið á atvikum hafi þau verið saman í þessu rými og ákærði þar viljað stunda með henni kynlíf og í því samhengi sagt hana stunda kynlíf með öllum nema sér. Hann hafi þar setið ofan á henni en hún náð að losa sig og hann ætlað að toga hana aftur í rúmið. Hafi hann rifið í hana þar og haldið henni, meðal annars um framhandlegg, en einnig með því að grípa í upphandleggi hennar. Hún hafi reynt að losna frá honum og á einhverjum tímapunkti komist í herbergi [...] dóttur sinnar og sent skilaboð um aðstoð úr síma hennar, en fram er komið að fyrir liggja skilaboð úr síma E, dóttur brotþola og ákærða, til vinkonunnar Þ á fimmta tíma næturinnar, sem upplýst þykir að brotþoli hafi sent, hvar hún biður um að lögregla verði send á vettvang.

Andspænis því að ákærði segist hafa slegið brotþola í upphafi atburðarásarinnar, er hún var nýlega komin heim, bar brotþoli um það fyrir dómi að muna ekki hvort hann hafi slegið hana áður eða eftir að þau tvö voru stödd í stofunni. Samkvæmt frásögn hennar

hafi ákærði þá snúið með bakið að stofunni en hún snúið með eigið bak að baðherberginu og hann slegið hana með flötum lófa hægra megin í andlitið. Hafi hún þá snúið sér við, farið inn á baðherbergi og læst að sér. Þar hafi hún séð glóðarauga byrja að myndast.

Þá er til þess að líta að á meðal þess sem ákærði bar um í skýrslugjöf hjá lögreglu eftir handtöku hans [...] 2024 var að hafa verið pirraður þegar brotaþoli hafi komið heim og farið að lemja hana. Bar hann við minnisleysi um hvað nákvæmlega hafi átt sér stað, en kvaðst oft missa minnið þegar hann yrði mjög reiður og áttaði sig ekki á hvað gerst hefði fyrir en eftir á. Spurður um hvaða afleiðingar hann hafi viljað að fram kæmu fyrir brotaþola sagðist hann ekki hafa viljað neitt, bara rífast við hana og berja hana. Hann bar í skýrslugjöfinni um að hafa rífið í brotaþola og slegið hana með flötum lófa, að því er hann héldi í andlit hennar. Kvaðst hann í lok skýrslugjafarinnar vera á leið til Reykjavíkur að leita sér aðstoðar læknis. Í síðari skýrslugjöf ákærða á rannsóknarstigi, [...] 2024, bar hann á hinn bóginn meðal annars um að brotaþoli hafi lamið hann fyrst og hann til baka í upphafi atburðarásarinnar eftir að hafa sortnað fyrir augum, þ.e. á svipaða lund og svo síðar fyrir dómi. Aðspurður í skýrslugjöfinni [...] 2024 hvort það væri ástæðan fyrir að brotaþoli hafi verið með glóðarauga kvaðst hann ekki viss þar sem hann hafi frétt að hún hefði lent í átökum á [skemmtistað]. Bar hann þó sérstaklega spurður um það að hafa ekki séð neina áverka á henni þegar hún kom heim um nóttina.

Á meðal þess sem fram kom í skýrslugjöf brotaþola hjá lögreglu [...] 2024 var að í upphafi hefðu þau tekist á og lýsti hún því þannig að hann hefði ýtt henni og lamið hana og hún tekið á móti með því að klóra hann. Þá bar hún auk annars einnig um að í forstofu hafi hann haldið henni upp við vegg og með lófann fyrir munninum á henni þegar hún hafi reynt að öskra. Hann hafi sakað hana um lauslæti og framhjáhald og í stofu hafi hann meðal annars viljað stunda kynlíf með henni, ýtt henni ofan í sófann og hún reynt að sleppa. Þá hafi hún sent skilaboð úr síma dóttur sinnar til vina sinna og að ákærði hafi einu sinni áður lamið hana. Sömmuleiðis að hafa þá um áramótin sagst vilja fara frá honum. Í skýrslugjöf hjá lögreglu [...] sama ár kom meðal annars einnig fram að ákærði hefði reynt að þagga niður í henni með því að setja höndina yfir munn hennar. Hún bar þá um að áverkar á hálsi og kjálkabarði hefðu komið til snemma í atburðarásinni er þau hefðu verið í forstofunni og ákærði haldið henni upp við vegg með framhandlegg á brjóstkassa og með opinn lófa á neðri hluta andlits og hálsi. Taldi hún í þessari skýrslugjöf ákærða ekki hafa verið að reyna að kyrkja hana með því að halda með opnum lófa að munni og hálsi, heldur að þagga niður í henni. Bar hún nánar spurð um það atriði einnig

að henni hafi liðið eins og hún hafi verið að missa meðvitund er hann hafi haldið með þeim hætti. Í stofunni hafi hann svo með nánar tilgreindum hætti viljað stunda með henni kynlíf og hún einhvern veginn náð að sleppa frá honum. Þegar hún hafi verið uppi-standandi í forstofunni hafi ákærði barið hana í andlitið og hún þá farið beint inn á bað-herbergi og séð glóðarauga vera að myndast. Þá bar hún auk annars við sömu skýrslugjöf um að vita þá að ákærði hafi deilt skilaboðum hennar og P á story hjá henni á Facebook og að hafa á einhverjum tímapunkti náð að komast í herbergi [...] dóttur sinnar og sent skilaboð til vinkonu af aðgangi dótturinnar um að kalla á lögreglu.

Að virtum framburðum beggja, ákærða og brotþola, fyrir dómi og á rannsóknarstigi, einkum samkvæmt því sem að framan er rakið, þykir hvort tveggja meira innbyrðis samræmi í framburði brotþola en ákærða og þykir framburður hennar eiga sér mun ríkari stoð í öðru því sem fram er komið. Þannig er meðal annars horft til þess að frásögn hennar um ætlað athæfi ákærða er í samræmi við áverka sem á henni greindust við skoðun læknisins K [...] 2024 og voru strax sýnilegir við komu lögreglu á heimilið [...] 2024. Báru lögreglumenn um það fyrir dómi og jafnframt um frásögn brotþola um ástæður áverkanna á vettvangi, auk þess sem lögregla myndaði hluta áverkanna. Þá bar lækningurinn K um það í skýrslugjöf sinni við aðalmeðferð málsins að þeir áverkar sem hann greindi við skoðun samræmdust þeirri frásögn sem brotþoli hafi þá tjáð lækningunum. Aukinheldur þykja meðal annars skilaboð úr síma elstu dóttur ákærða og brotþola um nóttina til vinkonu brotþola um beiðni um aðstoð lögreglu sömuleiðis renna stoðum undir frásögn hennar. Þykir framburður brotþola, meðal annars í framangreindu tilliti, trúverðugur og ekkert fram komið sem mælir honum mót.

Aftur á móti telur dómurinn frásögn ákærða um margt ekki eins trúverðuga og brotþola. Þannig kom meðal annars ekkert fram hjá honum í fyrstu skýrslugjöf hjá lögreglu um að hann hafi í upphafi með einhverju móti verið að svara fyrir það að brotþoli hafi slegið hann er hann hafi slegið hana í kjölfarið. Þvert á móti bar hann um að hafa verið pirraður, byrjað að rífast við brotþola og lemja hana og bar við minnisleysi um hvað nákvæmlega hafi átt sér stað eins og að framan er rakið. Þá greindi hann meðal annars hvort tveggja í lok þessarar skýrslugjafar og er lögregla kom á vettvang fyrir um daginn frá því að vera á leið til Reykjavíkur að leita sér aðstoðar vegna hegðunar sinnar, en brotþoli bar um það fyrir dómi að það hafi ákærði viljað gera.

Að öllu virtu þykir sannað með vísan til framburðar brotþola, sem þykir í öllum meginatriðum stöðugur og einlægur og í efnislegu samræmi við önnur gögn, að ákærði

hafi aðfaranótt [...] 2024 veist með líkamlegu ofbeldi að henni með því að slá hana í andlit, rífa í hana og grípa um upphandleggi hennar og haldið henni þannig fastri, þrýsta henni með bak upp að vegg og haldið henni þar fastri með annan handlegginn á brjóst-kassa hennar og með hinni hendinni haldið fyrir munn hennar þannig að brotaþoli hafi óttast um líf sitt. Aftur á móti þykir að virtum framburðum bæði brotaþola og ákærða fyrir dómi ósannað að handleggur ákærða hafi farið á háls brotaþola og að hún hafi í umrætt sinn fundið fyrir skertri meðvitund. Þá þykja, með vísan til skoðunar læknisins K [...] 2024, lýsingar hans samkvæmt nótu sem tekin er upp í áverkavottorð J læknis, dags. [...] 2024, og framburðar læknisins K fyrir dómi, sannað að af árás ákærða hafi leitt að brotaþoli hlaut mar, roða og bólgu á augnlöki og glóðarauga á hægri auga, mar neðan við og í kringum hægri auga, marbletti á báðum upphandleggjum, mar á höku og undir kjálkabarð hægri megin og roða í húð neðan við kjálkabarð, en ósannað þykir að háttsemin hafi marið hana á baki og valdið rauðum blettum á hálsi.

Þá þykir sömuleiðis hafið yfir skynsamlegan vafa með vísan til þess sem sannað þykir um málsatvik, þar á meðal framburðar ákærða sjálfs á rannsóknarstigi um hvað honum hafi gengið til, en einnig að öðru leyti að atvikum virtum, að ásetningur hans hafi staðið til þess að beita brotaþola ofbeldi á fyrrgreindan máta. Er þá og gætt að því að ekkert þykir fram komið sem rennt gæti stöðum undir að refsileysisástæður kunni að eiga við eða af því sem að framan er rakið að vinnulag eða rannsókn lögreglu hafi vegið að réttindum brotaþola eða komið niður á því að málið upplýstist nægilega.

Hvað heimfærslu til refsíákvæða áhræfir horfir dómurinn til þess að í athugasemdum með 4. gr. þess frumvarps sem varð að lögum nr. 23/2016 sem jók 218. gr. b við almenn hegningarlög segir að með ákvæðinu sé lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg en með því sé vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið nái það tilteknu alvarleikastigi. Í 1. mgr. séu sérstaklega taldar upp verknaðaraðferðir sem þegar geti falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt hegningarlögum, meðal annars ofbeldi, sbr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga. Ofbeldi í nánnum samskiptum geti á hinn bóginn birst á fleiri vegu, svo sem í andlegu ofbeldi af ýmsu tagi. Í því ljósi sé lagt til að refsineami ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem þegar geti falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt

almennum hegningarlögum heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki feli í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum. Í athugasemdunum segir á hinn bóginn um 2. mgr. ákvæðisins, sem fjallar um stórfellt brot af þessu tagi, að við mat á grófleika og þar með hvort brotið teljist stórfellt skuli sérstaklega litið til þess hvort stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hafi hlotist af.

Líkt og rakið hefur verið lýtur 1. mgr. 218. gr. b að broti þar sem tilgreind tengsl séu eða hafi verið á milli þess sem brýtur af sér á þar tilgreinda vegu og brotaþola. Með vísan til þess að ótvírætt er að ákærði og brotaþoli þjuggu saman [...] 2024, og höfðu þá verið í sambúð um liðlega áratug, heyrta tengsl þeirra undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Af ákvæði 1. mgr. 218. gr. b laga nr. 19/1940 og fyrrgreindum lögskýringargögnum verður og leitt, við mat á því hvort heimfæra beri háttsemi ákærða til ákvæðisins, að um margvíslega háttsemi geti verið að ræða svo að ákvæðið eigi við, en allt að einu er gert að skilyrði að háttsemin ógni lífi, heilsu eða velferð þess sem fyrir verður. Á hinn bóginn þarf brotaþoli ekki að verða fyrir beinum eða sjáanlegum líkamsáverkum eða öðru tjóni svo heimfæra megi háttsemi til 1. mgr. ákvæðisins, en slíkt getur þó komið til skoðunar við mat á grófleika brots og heimfærslu, einkum að því er varðar 2. mgr. greinarinnar. Mat á þessu verður einatt atviksbundið og með hliðsjón af tilgangi refsíákvæðis um brot í nánu sambandi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 30. mars 2022 í máli nr. 47/2021.

Hinn [...] 2024 tók ákærði á móti brotaþola er hún kom heim frá því að skemmta sér í hópi vinkvenna og vildi fá að skoða síma hennar. Það bera gögn málsins með sér að hann hafi náð að gera, þar á meðal aflæsa honum, lesa skilaboð frá P, vini brotaþola, og deila þeim í reiði sinni á samfélagsmiðla. Bar brotaþoli enn fremur um að hafa ekki viljað segja ákærða frá því að karlmaður myndi sækja hana og aka henni heim er hún fór til móts við vinkonur sínar þar sem hún teldi sig vita að ef hún hefði tjáð honum að svo væri, þá hefðu þau rifist og hann ekki viljað leyfa henni að fara. Ráða verður af því að brotaþoli hafi kosið að reita hann ekki til reiði vegna þessa. Bar brotaþoli og um að ákærði hafi í fyrstu læst hana úti vegna þeirra er hún kom heim uns hann hleypti henni inn á heimili þeirra eftir að hún hafi komið að nýju þar að. Þá er og fram komið að sannað þykir að ákærði hafi innandyra haldið fyrir munn brotaþola til að hún vekti ekki [...] börn þeirra [...] sem voru í svefni á heimilinu og haldið henni upp við vegg á fyrrgreinda vegu, auk þess að halda henni einnig síðar fastri með því að grípa um upphandleggi

hennar inni í stofu, rífa í hana og slá hana svo í andlit, þar til hún náði að læsa sig inni á baðherbergi. Eftir atlögu ákærða voru áverkar víða um líkama og á andliti og undir kjálkabarði brotþola, þótt hver um sig hafi ekki talist verulegur, en sýnu alvarlegust þykir atlagan að því leyti að hún stóð yfir um nokkra stund er [...] börn þeirra sváfu á heimilinu, þar á meðal með því að halda hendi fyrir vitum brotþola þannig að hún átti um stund erfitt með andardrátt og hlaut áverka af niður fyrir kjálkabarð, sem og að slá brotþola í höfuð svo olli glóðarauga. Voru háttsemin, aðdragandi hennar og ástæður, þar á meðal stjórnlítil reiði ákærða, og þær aðstæður sem voru á heimilinu að öðru leyti, til þess fallin að vekja ógn hjá brotþola sem óskaði liðsinnis lögreglu þá um nóttina og þykir hún í ljósi aðstæðna hafa gefið trúverðugar skýringar á viðbrögðum sínum við háttsemi ákærða. Hefur hún og borið um vanlíðan í kjölfar atvika þessa nótt, þar á meðal að hafa átt erfitt með að vera ein, hlaut af þeim fyrrgreinda áverka á höfði og efri hluta líkama, þurfti af þessum ástæðum veikindaleyfi frá vinnu og sótti sér sálfræðipjónustu samkvæmt tilvísun læknis. Styður vitnisburður sálfræðings hennar við hversu þungbær atvik þessa nótt hafa verið fyrir hana. Verður í þessu ljósi talið að með atlögunni hafi ákærði á alvarlegan hátt og með ofbeldi ógnað heilsu brotþola og velferð. Þykir háttsemi ákærða [...] 2024 þannig, sbr. ákæru 30. september síðastliðinn, réttilega heimfærð undir ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

*Niðurstæða vegna sakargifta samkvæmt ákæru útgefinni 20. janúar 2026.*

Hvað viðkemur háttsemi ákærða [...] síðastliðinn liggja meðal annars fyrir myndbandsupptökur úr farsíma brotþola er hann kom að heimili hennar þann dag sem spilaðar voru í dómsal við aðalmeðferð málsins. Á þeim má sjá innan úr íbúð brotþola og heyra er dinglað var ítrekað á dyrabjöllu við útidyrhurð og bankað á glerrúðu í öðru rými. Þá liggur sömuleiðis meðal annars fyrir játning ákærða um að hafa brotið glerrúðu í útidyrhurð heimilisins er hann lamdi á hana.

Fyrir dómi og á rannsóknarstigi hefur ákærði skýrt háttsemi sína þannig að hann hafi viljað að lögregla kæmi á vettvang svo hann gæti útskýrt að hann ætti rétt á að hitta börnin. Ber stöðugur framburður hans að þessu leyti, sem einnig má sjá á upptöku úr búkmyndavél lögreglu af vettvangi, þess merki að með háttseminni hafi hann í reynd viljað sjá börnin og fanga athygli lögreglu. Brotþoli bar aftur á móti um það, hvort tveggja fyrir dómi og á rannsóknarstigi, að ákærði hafi ekki átt að vera með börnin í umrætt sinn. Hefur hennar framburður sömuleiðis verið stöðugur. Bar hún auk annars einnig um að ákærði hafi komið að læstum húsakynnum hennar og að henni hafi liðið

illa á meðan á háttsemi ákærða hafi staðið, orðið stressuð er hann hafi brotið rúðuna og grátið og hringt á lögreglu. Ákærði hafi farið í bílinn sinn og beðið lögreglu er hún hafi sagt að hún myndi kalla hana til.

Þó svo að dómurinn fallist ekki á réttmæti háttsemi ákærða í framangreindum tilgangi ber stöðugur framburður hans að þessu leyti, sem á sér stuðning í framburði brotþola og öðrum gögnum, þess merki að honum hafi hvað samskipti sín við brotþola viðkemur ekki gengið það til verksins að brjóta gegn henni á þann máta sem 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga lýsir sem refsínæmum eða að í ljósi þess sem fram er komið að öðru leyti þyki tækt að fella þar undir að gættum réttindum sakaðra manna. Þrátt fyrir að gögn málsins beri með sér erfið samskipti þeirra tveggja í kjölfar fyrrgreinds atviks [...] 2024, sem meðal annars leiddu til þess að ákærði þurfti að sæta nálgunarbanni gagnvart brotþola, þykja atvik málsins, sér í lagi samskipti þeirra eftir að nálgunarbann komst á, ekki styðja það að sú háttsemi sem ákærði er sannarlega talinn hafa viðhaft [...] síðastliðinn njóti refsiverndar ákvæðisins sem endurtekin í skilningi þess, svo sem mála-tilbúnaður ákæruvaldsins að þessu leyti lýtur að. Í því ljósi verður ákærði sýkn sakar þess að hafa [...] 2026 brotið gegn 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Verður hann á hinn bóginn sakfelldur fyrir eignaspjöll á glerrúðu, þó þannig að viðgerðarkostnaður nam samkvæmt málgögnum 75.432 krónum, og þykir ljóst að vörnum ákærða hafi ekki hafa orðið áfátt af þeirri ástæðu. Mátti ákærða vera ljóst að glerrúða kynni að brotna vegna háttsemi hans, sbr. 1. mgr. 257. gr. sömu laga, og ekkert er fram komið sem bendir til þess að rannsókn lögreglu hafi verið áfátt um þær sakargiftir. Kemur samkvæmt framan- sögðu ekki til álita að virða háttsemi hans unna af gáleysi eða að 3. mgr. sama ákvæðis sömu laga eigi að örðu leyti við. Þykir háttsemin því réttilega heimfærð til 1. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940.

#### IV

Sakaferill ákærða, sem fæddur er árið [...], hefur ekki þýðingu við ákvörðun refsingar nú. Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga skal tiltaka refsingu í einu lagi verði maður, meðan á máli stefndur, uppvís að því að hafa framið fleiri en eitt brot og séu þau öll tekin til greina. Enn fremur skal með vísan til 2. mgr. þess lagaákvæðis að jafnaði tiltaka refsingu innan takmarka þess hegningarlagaákvæðis sem þyngstu hegningu setur.

Ákærði hefur í málinu verið sakfelldur fyrir brot gegn 218. gr. b og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og verður gerð refsing samkvæmt fyrrgreinda ákvæðinu, sbr.

fyrirgreindar reglur 77. gr. sömu laga. Upplýst er að hann hefur greitt fyrir viðgerð vegna glerrúðu í útidyrhurð hverri hann hefur verið sakfelldur fyrir að hafa spillt. Að þessu virtu og því að sakaferill hans hefur samkvæmt framansögðu ekki áhrif til þyngingar refsingar verður tekið mið af 5. og 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar. Á hinn bóginn þykir hann ekki eiga sér málsbætur hvað viðkemur broti í nánu sambandi og verður við ákvörðun refsingar í því tilliti horft til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laganna þar sem ákærði veittist með ofbeldi að sambýliskonu sinni á heimili þeirra um nótt er börn þeirra voru í svefni. Að þessu og atvikum að öðru leyti virtum þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði, en fullnustu hennar þykir þó mega fresta og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

## V

Með hinni refsiverðu háttsemi sem ákærði er sakfelldur fyrir [...] 2024 hefur hann bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola sem krefst miskabóta í málinu, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bersýnilegt er af atvikum að hin refsiverða háttsemi hans var til þess fallin að valda brotaþola miska, sbr. einnig fyrirliggjandi frásögn þar um með vísan til nótna sálfræðings hennar og framburðar sálfræðingsins fyrir dómi. Vegna þessa og að nokkru með hliðsjón af dómaframkvæmd verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola 800.000 krónur í miskabætur. Endanleg dráttarvaxtakrafa hennar er um að þess háttar vextir verði dæmdir af kröfu hennar frá [...] 2024, en fyrir liggur að mánuði fyrir birti lögregla ákærða bótakröfu brotaþola ásamt greinargerð um hana. Verður ákærða þannig gert að greiða vexti af hinni dæmdu fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2024 til [...] sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

## VI

Á grunni 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar málsins. Til þess kostnaðar heyra málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir dómi, auk aksturskostnaðar, dagpeninga og útlagðs kostnaðar þess verjanda, þóknun tilnefnds verjanda ákærða á rannsóknarstigi, þóknun og aksturskostnaður skipaðs réttargæslumanns brotaþola fyrir dómi og á rannsóknarstigi, og annar sakarkostnaður sem nemur 33.079 krónum vegna áverkavottorðs brotaþola. Við

ákvörðun þóknana verjenda og réttargæslumanns, aksturskostnaðar og dagpeninga verður tekið mið af reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2024, nr. 1/2025 og nr. 1/2026.

Í ljósi umfangs málsins, meðal annars [...] í aðdraganda aðalmeðferðar og ferðalags, og með hliðsjón af tímaskýrslu, þykja málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða fyrir dómi, Kristínar Evu Geirsdóttur lögmanns, hæfilega ákveðin 1.884.180 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Verða verjandanum og ákvarðaðar 14.112 krónur í aksturskostnað, 18.955 krónur í dagpeninga án gistingar vegna fæðis í samræmi við tímaskýrslu, og nemur útlagður kostnaður hennar, sem í ljósi aðstæðna þykir réttmætur og er til kominn vegna flugsamgangna, gistingar og leigu á bifreið hér eystra, samanlagt 123.339 krónum. Þá þykir þóknun tilnefnds verjenda ákærða fyrir höfðun málsins, Rebekku Óskar Gunnarsdóttur lögmanns, í ljósi umfangs málsins og með hliðsjón af tímaskráningu hæfilega ákveðin 266.786 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Að endingu, og á sama grunni, þykir þóknun réttargæslumanns brotþola fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns, hæfilega ákveðin 1.035.958 krónur að meðtöldum virðisaukaskatt. Verða réttargæslumanninum aukinheldur ákvarðaðar 14.100 krónur vegna aksturs til og frá síðari skýrslugjöf brotþola á rannsóknarstigi.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, að gættu ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í átta mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 800.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2024 til [...] 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar málsins, sem í heild nemur 3.390.509 krónum, þar af 1.884.180 króna málsvarnarlaun skipaðs verjenda síns fyrir dómi, Kristínar Evu Geirsdóttur lögmanns, 14.112 króna aksturskostnað þess verjenda, 18.955 króna dagpeninga þess verjenda og 123.339 krónur í útlagðan kostnað þess verjenda, en einnig 266.786 króna þóknun tilnefnds verjenda síns á rannsóknarstigi, Rebekku Óskar Gunnarsdóttur lögmanns, og loks 1.035.958 króna þóknun skipaðs réttargæslumanns, Evu Dísar Pálmadóttur lögmanns, og 14.100 króna aksturskostnað réttargæslumannsins.

Hákon Þorsteinsson